



Finnst sjálfsagt að tala um kvíðann

Egill Helgason ræðir æskuna, fjölskylduna, ferilinn og baráttu sína við kvíða og þunglyndi, sem hann segir alltaf hafa blundað í sér en ágerst fyrir um fjórum árum. Egill segir að sér líði ágætlega núna þó að faraldurinn og áhrif hans hafi vissulega áhrif á geðheilbrigði. ➔16



Af hverju ætti það að vera feimnismál? Ég er bara svona.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Hlaupa til góðs

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson hefur 17 sinnum tekið þátt í Reykjavíkurmaraþoninu. ➔ 12



Er að fullorðnast

Hugleikur Dagsson segir reiðina og groddskapinn vera að renna af sér. ➔ 32



Jarðbundið starf í geimiðnaði

Björg Alfa, Hugrún og Sigrún starfa fyrir Geimvísinda- og tækniskrifstofu Íslands. ➔ 18


- Hagkvæm matarkaup
- Heitar og ilmandi
- Ljúffengar og næringarríkar
- Án allra rotvarnarefna



1944

MATUR FYRIR SJÁLFSTÆÐA ÍSLENDINGA

Veður



Sunnan 5-10 í dag með vætu af og til, en þurrt að kalla norðaustan- og austanlands. Hiti 10 til 16 stig, en allt að 22 stig austan til á landinu.

SJÁ SÍÐU 30



Forsætisráðherra segir útilokað að lofa að losna megi við veiruna.

Allir sem koma verða skimaðir

COVID-19 Frá og með miðviku-deginum 19. ágúst verða allir komufarþegar skimaðir tvisvar við komuna til Íslands. Fyrri sýntaka verður á landamærum, að því búnu ber komufarþegum að fara í sóttkví í fjóra til fimm daga þangað til niðurstaða er fengin úr seinni sýnatöku. Þetta ákvað ríkisstjórnin á fundi sínum í gær.

Ákvörðunin byggir á einum möguleikanna sem lagður var til í minnisblaði Þórolds Guðnasonar sóttvarnalæknis um aðgerðir á landamærunum, var þetta leiðin sem Þóroldur taldi áhrifaríkasta til sóttvarna.

Ákvörðunin var tekin í ljósi þess hvernig COVID-19 faraldurinn hefur þróast hér á landi og á heimsvísu þar sem staðfestum tilfellum fer fjölgandi. Þá sé enn verið að kljást við hópsýkingu sem upp kom hér á landi án þess að vitað sé hvernig það afbrigði veirunnar barst inn í landið.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra sagði á blaðamannafundi í gær að útilokað væri að lofa því að hægt yrði að losna við veiruna. Nýjasta dæmið um það væri staðan á Nýja-Sjálandi þar sem smit greindist að nýju þrátt fyrir harðar aðgerðir á landamærum.

Allir farþegar á leið til landsins þurfa að borga fyrir fyrri skimunina og verður miðað við sama fyrirkomulag og hefur verið, seinni skimunin verður hins vegar gjaldfrjáls. Hefur það komið til skoðunar af hálfu ríkisstjórnarinnar að hækka skimunargjaldið. –ab

Flott stökk á Miðbakkanum



Það var fjör á Miðbakkanum í Reykjavík um kvöldmatarleytið í gær. Á annan tug barna og ungmenna voru þar stödd til að leika listir sínar á hjólum, hjólabrettum og hlaupahjólum, þar á meðal þetta flotta og fagmannlega hjólastökk. Flestir voru léttklæddir, enda hlýtt úti og þurrt. Hjólabrettasvæðið á Miðbakkanum opnaði í júní síðastliðnum og hefur garðurinn vakið mikla lukku á góðviðrisdögum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ákvörðunin mikið áfall

COVID-19 Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, segir ákvörðun ríkisstjórnarinnar gríðarlegt áfall fyrir ferðaþjónustuna. Segir hann að áhrifin verði viðtæk og hafi afleiðingar til lengri tíma.



Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF

„Þetta mun auka atvinnuleysi því að fólki sem hefði haft vinnu í vetur verður sagt upp núna um mánaðamótin í stórum stíl,“ segir Jóhannes. „Miðað við samtöl mín í dag og í gær má gera ráð fyrir að tvö til þrjú þúsund manns gætu misst vinnuna.“

Mikillar svartsýni gætir innan ferðaþjónustunnar. Sjá rekstraráðilar fram á afbókanir þar sem fáir ferðamenn vilji í sóttkví. –ab

Veiran sögð lán í óláni fyrir Hegningarhúsið

Múrararnir Olgeir Gestsson og Gunnlaugur Ketilsson takast á við óvenjulegt verkefni við endurbætur á Hegningarhúsinu á Skólavörðustíg. Þeir segja ekki hafa verið seinna vænna að hefja viðgerðir: Þakið sé ónýtt og húsið mogleiki.

MINJAR Segja má að COVID-19 hafi bjargað Hegningarhúsinu, er álit múraranna Olgeirs Gestssonar og Gunnlaugs Ketilssonar frá Aðalmúr sem nú vinna að endurbótum á gamla fangelsinu á Skólavörðustíg. „Húsið míglak og löngu kominn tími á að gera eitthvað,“ segir Olgeir. Af vef Stjórnarráðsins segir hann að megi ráða að verkefnið eigi að auka vinnu á tímum COVID-19.

„Það var því lán í óláni að COVID-19 kom því miðað við mína reynslu af ríkinu er ekkert gert fyrr en í öfni er komið,“ útskýrir Olgeir.

Þeir Gunnlaugur og Olgeir eru báðir af múraraættum. Langa-langafi Gunnlaugs vann sem snikkari við byggingu Alþingishússins á nítjándu öld og langafi hans varð múrari árið 1904. Og afi Olgeirs vann við byggingu Þjóðleikhússins.

Nú vinna þeir Gunnlaugur og Olgeir að því að þetta steinhláðinn sökkulinn undir Hegningarhúsinu með steypu sem síðan verður varin með sérstöku frostþolnu efni.

Meðal annarra verka sem múrararnir þurfa að vinna er viðgerð á fúgum víða í grjóthledslu hússins. Vandinn er að finna rétta efnið í fúguna svo upprunalega útlitið haldist.

„Ég gerði blöndu sem arkitektinn var alveg sáttur við,“ segir Olgeir sem í blönduna notaði tvær gerðir af sementi, sand úr byggingavöruslun og svo sérvalinn sjávarsand. Olgeir segir áhugavert að takast á við verkefni sem sé ekki hefðbundið. „Þetta er eitthvað sem er ekki kennt í lönskólanum og það er gaman að fá að taka þátt í einhverju sem er algjörlega út úr kassanum,“ útskýrir hann.

Hegningarhúsið sem hlaðið er úr íslensku grjóti var tekið í notkun



Steypa á að þetta sökkulinn á Hegningarhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Múrararnir G. Ketilsson og Olgeir Gestsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

Það var bara sagt; reistu hús og þá mættu einhverjir berserkir og reistu hús.

Olgeir Gestsson, múrari hjá Aðalmúr

árið 1871. Undir lokin þjónaði byggingin sem móttökufangelsi þar til því var lokað 1. júní 2016. Olgeir hefur kynnt sér sögu hússins.

„Það var forvitni mín um fortíðina sem ytti mér út í það. Ég vildi fá að vita hvernig þeir gerðu þetta í upphafi,“ segir Olgeir sem kveður heimildir um það því miður ekki vera góðar. „Verklýsing var ekki til – það var bara sagt: reistu hús og þá mættu einhverjir berserkir og reistu hús.“

Ekki liggur fyrir hvaða starfsemi verði í framtíðinni í Hegningarhúsinu. Olgeir segist vilja sjá þar safn eða minnisvarða um liðna tíma og að húsinu verði komið í upprunalegt horf.

„Fólk fengi að ganga um og skoða klefana og dómsalinn uppi. Úti í fangelsigarðinum væri lítil kaffíteria þar sem fólk gæti sest niður og kynnt sér betur sögu hússins,“ lýsir Olgeir Gestsson. gar@frettabladid.is

RÝMI
OFNASMIDJAN



METALSISTEM®

Gott verð og góð þjónusta

Nú fæst METALSISTEM®
hillukerfið í Rými



Rými Ofnasmiðjan | Gylfahöf 4 | 112 Reykjavík | s. 511 1100 | www.rymi.is | rymi@rymi.is



Áskorun vegna skila ársreikninga!

Lokafrestur til að skila ársreikningum rennur út 31. ágúst 2020.

- Áskorun um skil á ársreikningum hefur nú verið birt á þjónustusíðu Skattsins (**skattur.is**) til þeirra félaga sem ekki hafa staðið skil á ársreikningi sínum til ársreikningaskrár. Forráðamenn viðkomandi félaga eru hvattir til að bregðast skjótt við og senda ársreikning rafrænt, þannig að ekki þurfi að koma til sektarákvörðunar. Stjórnsýslusekt vegna vanskila á ársreikningum nemur 600.000 kr.
- Hægt er að ganga úr skugga um hvort að ársreikningi hafi verið skilað til ársreikningaskrár á vefnum **skatturinn.is** undir Fyrirtækjaskrá.
- Forráðamönnum félaga er bent á að lokafrestur til að halda aðalfund og skila ársreikningum rennur út átta mánuðum eftir lok reikningsárs. Forráðamenn eru hvattir til að bregðast skjótt við og senda ársreikning rafrænt þannig að ekki þurfi að koma til sektarákvörðunar.
- Vakin er athygli á því að örfélög geta nýtt sér Hnappinn að því tilskyldu að þau hafi skilað skattframtali. Ef félag nýtir sér Hnappinn þá er farið inn á þjónustusíðuna, **skattur.is** og valið að láta Skattinn útbúa ársreikning félagsins og skila til ársreikningaskrár.
- Senda skal inn til opinberrar birtingar þann ársreikning sem staðfestur var á aðalfundi viðkomandi félags. Ekki er heimilt að breyta eða fella niður neinar upplýsingar í þeim ársreikningi sem sendur er inn til opinberrar birtingar. Ekki er því heimilt að staðfesta hefðbundinn ársreikning á aðalfundi félags en senda svo inn hnappsreikning í stað þess reiknings sem staðfestur var á aðalfundi.

Ekki brugðist við gagnrýni ASÍ um tekjumörk hlutdeildarlána

HÚSNÆÐISMÁL Velferðarnefnd Alþingis hélt áfram umfjöllun sinni um frumvarp félagsmálaráðherra um hlutdeildarlán á fundi sínum í gær. Drög að breytingartillögum meirihluta nefndarinnar hafa verið send hagsmunaaðilum til umsagnar. Afgreiðslu málsins, sem er hluti af aðgerðum stjórnvalda í tengslum

við gerð Lífskjarasamningsins, var frestað á þingi í júní með það að markmiði að klára það þegar þing kemur aftur saman í lok ágúst. Úrræðinu er ætlað að auðvelda ungu fólki og tekjulágum að komast inn á húsnæðismarkað.

Verkalýðshreyfingin leggur mikla áherslu á afgreiðslu málsins en hefur

gagnrýnt ýmsa þætti frumvarpsins. Þannig leggur ASÍ mikla áherslu á að tekjumörk verði felld út úr frumvarpinu þannig að úrræðið verði almennara.

Í drögum að breytingartillögum meirihluta nefndarinnar er hins vegar ekki brugðist við gagnrýninni um tekjumörkin. Þar er hins vegar

að finna breytingartillögur sem koma til móts við gagnrýni ASÍ. Þar á meðal verður það tryggt að hlutdeildarlánin verði vaxtalaus út láns-tímamann.

Þá er lagt til að felld verði brott skylda lántaka til að verja skattfrjálsri ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á lán sem komi á undan

hlutdeildarláni í veðröðinni.

Meðal annarra breytingartillagna er að 20 prósent hlutdeildarlána verði veitt til kaupa á íbúðum utan höfuðborgarsvæðisins og vaxtarsvæða. Einnig er lögð til undanþága á landsbyggðinni frá því skilyrði að hlutdeildarlán séu aðeins veitt vegna kaupa á nýbyggingum. – sar



Þrír létust í brunanum 25. júní.

Gæsluvarðhald framlengt fram í september

LÖGREGLUMÁL Gæsluvarðhald yfir hinum grunaða við rannsókn á brunanum við Bræðraborgarstíg 1 þann 25. júní síðastliðinn hefur verið framlengt til 8. september. Héraðsdómur Reykjavíkur kvað upp úrskurð þess efnis í vikunni, en Fréttablaðið hefur úrskurðinn undir höndum.

Hinn grunaði er sagður liggja undir sterkum grun um að hafa framið manndráp af ásetningi ásamt fleiri brotum. Í úrskurðinum kemur fram að brotin sem um ræðir geti varðað allt að ævilöngu fangelsi. – thg

Búið að veiða tæpan helming makrílkvótans

SJÁVARÚTVEGUR Rétt undir 75 þúsund tonnum af makríl hafði verið landað á föstudag samkvæmt gögnum frá Fiskistofu. Um er að ræða ríflega 45 prósent af því magni sem má veiða á yfirstandandi kvótaári, að meðtöldum yfirferðum heimildum frá síðasta ári og tilboðspottum sjávarútvegsráðuneytisins fyrir smærri skip.

Í ágúst mánuði einum og sér hefur um þriðjung heildarmagnsins verið landað, en verslunarmanna-helgin reyndist sérstaklega fengsæl hjá íslenska flotanum á makrílslóð. Veiðar hófust óvenju snemma í ár, eða í síðari hluta júnímánaðar. Þau skip sem mestu hafa landað eru Huginn VE-55 og Börkur NK-122, hvort með um 6.300 tonn. – thg

Seinni bylgja COVID seinkar birtingum í ímyndarherferð

Ríkissjóður veitti verkefninu Ísland – saman í sókn 1.500 milljónir króna á fjárukalögum ársins 2020. Alls nemur fjárfesting í öllum aðgerðum verkefnisins til þessa um 300 milljónum króna. Fagstjóri hjá Íslandsstofu segir seinni bylgju faraldursins líklega seinka birtingu á markaðsefni frekar en framleiðslu.

FERÐAÞJÓNUSTA Fyrsti mánuður markaðsherferðarinnar Ísland – saman í sókn, hefur farið vel af stað ef marka má mælingar greiningarfyrirtækjanna Swayable og Yougov ásamt greiningum Íslandsstofu.

Seinni bylgja COVID-19 faraldursins á Íslandi og erlendis hefur þó sett strik í reikninginn varðandi ímynd Íslands sem áfangastaðar en Daði Guðjónsson, fagstjóri neytendamarkaðssetningar hjá Íslandsstofu sem stýrir markaðsherferðinni, bendir á að átakið sé hugsað til lengri tíma.

„Þetta er ímyndarherferð, ekki söluherferð. Ég horfi smá á þetta eins og kosningar. Þú byrjar ekki að auglýsa á kosningadeginum. Þú þarft að byggja upp vitund, áhuga, vinna í viðhorfi, þannig að þegar kemur að kosningadegi eru einhverjir aðilar tilbúnir að kjósa þig. Ef þú bíður of lengi verða aðrir framþjóðendur fyrir valinu,“ segir Daði. „Þetta er ekki auðvelt. Maður þarf að taka allt með í reikninginn.“

Markaðsherferðin Looks like you need Iceland jók áhuga á ferðum til Íslands um 17 prósent í Þýskalandi í síðasta mánuði. Um fjórar milljónir þjóðverja horfðu á myndbandið og 400 þúsund Danir. Öskurherferðin, eða Let it out, hefur fengið yfir 800 umfjallanir í erlendum miðlum síðan henni var ýtt úr vör 15. júlí. Grófir útreikningar Íslandsstofu benda á að auglýsingavirði þeirra umfjallana sé metið á 2,3 milljarða.

Rúmlega 20 milljónir notenda hafa orðið varir við kynningarefni markaðsátaksins á samfélagsmiðlum. Yfir ellefu þúsund stöðufærslur vísa beint í herferðina. Alls hafa um 600 þúsund notendur heimsótt vef verkefnisins og hafa rúmlega 44.000 þeirra gesta skilið eftir sig öskur.

Öskurherferðin í tölum frá 15. júlí

Ferðaáhugi til Íslands jókst um **19%** í Bandaríkjunum og Kanada.

600 þúsund hafa heimsótt vef verkefnisins.

44 þúsund hafa skilið eftir streitulosandi öskur.

Ísland fór í **fyrsta sæti** úr þriðja á öllum markaðssvæðum sem ákjósanlegasti áfangastaðurinn.



Heimildir: Swayable, Íslandsstofa og Yougov Destination Index.

Auglýsingavirði umfjallana erlendra miðla um herferðina er metið á um 2,3 milljarða króna.

Upphaflega markmiðið var að safna 20.000 öskrum yfir sama tímabil.

Daði vonast til að sjá edlilegra ástand um áramótin en segir að verið sé að passa upp á fjármagn verkefnisins núna í haust svo hægt verði að eyða meiru í vor.

„Þetta seinkar ekki framleiðslu en þetta seinkar kannski birtingu. Það er ýmislegt sem við tökum með í reikninginn. Aðstæðurnar annars staðar, aðstæðurnar á Íslandi. Efnahagshrunið í Bretlandi og svona er líka eitthvað sem við þurfum að meta,“ segir Daði.

Ríkissjóður veitir verkefninu 1.500 milljónir króna á fjárukalögum ársins 2020. Alls nemur fjárfesting í öllum aðgerðum verkefnisins til þessa um 300 milljónum króna, eða um 20 prósentum af því sem til ráðstöfunar er til apríl 2021.

Íslandsstofa horfir á verkefnið í þremur fösom. Fyrsti fasinn er markaður sem skiptir Ísland máli en er alveg lokaður og getur ekki ferðast. Annar fasinn eru lönd sem eru að opna landamæri sín og sá þriðji eru lönd þar sem ástand er edlilegt. Engin lönd eru í þriðja fasnum eins og er.

Tvær herferðir hafa litið dagsins ljós sem byggja á mismunandi hugmyndafræði. Looks like you need Iceland-herferðinni er beint að löndum sem eru að opna landamæri sín, þar á meðal Þýskalandi

Samkvæmt Ícelandair jókst fjöldi leita á bókunarvélinni um **17%** á fyrstu tveimur vikum herferðarinnar frá vikunni áður.

800 umfjallanir í erlendum miðlum.

Ferðaáhugi hjá markhóp Yougov jókst um **49%** á markaðssvæðum.

og Danmörku. Fólki sem getur farið að huga að því að ferðast til Íslands. „Það myndi ekki ganga í Bandaríkjunum,“ segir Daði.

Öskurherferðin er unnin fyrir Bandaríkin, Bretland og Kanada. „Þar erum við meira að setja okkur í þeirra spor. Það er útgöngubann, þetta er erfitt tímabil, það er mikill pirringur en við vitum um stað sem er frábær staður til að losa um streitu,“ segir Daði. Finna þurfti skemmtilegan vinkil á þetta þunga efni.

„Þar kemur þessi sálræna meðferð um að losa öskrið frá sér og þar kemur tengingin við Ísland sem er með svo mikla viðáttu,“ segir Daði en sú herferð er gerð til að segja við fólk: „Við skiljum ykkur og getum verið lausn í framtíðinni.“

mhj@frettabladid.is

ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI, VARA- OG AUKAHLUTAVERSLUN

UMBOÐSAÐILI

Jeep



RAM



ALMENNT BÍLAVERKSTÆÐI OG SMURÞJÓNUSTA FYRIR ALLA BÍLA

ALLIR VINNA - ENDURGREIÐSLA VSK.

FIAT HÚSBÍLAR - ÁBYRGÐAR OG ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

BREYTINGAR Á JEEP, RAM OG ÖÐRUM USA PALLBÍLUM

ALLIR BÍLAR SÓTTREINSADIR

STUTTUR BIÐTÍMI SÍMI 590 2323



Pallbílahús frá ARE á alla USA pallbíla

Varahlutaverslun ÍSBAND býður upp á gott úrval vara- og aukahluta og íhluta til breytinga. Allir helstu varahlutir í okkar vörumerkjum eru til á lager. Sérþöntum varahluti í aðra USA bíla.



Úrval af felgum fyrir Jeep, og RAM



Upphækkunarsett í Wrangler



Upphækkunarsett í RAM



Falcon demparar



ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMÍÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 590 2323 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA KL. 07:45 - 18:00



TOYOTA AYGO

KOMASO



Verð frá: 2.270.000 kr.



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000



2018

UMHVERFISVERBLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Billinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Til sölu,
Njarðarbraut 20,
260 Njarðvík



Tjarnargata 12 ehf. og Reykjanesbær auglýsa til sölu byggingu að Njarðarbraut 20, 260 Njarðvík. Verið er að vinna nýtt deiliskipulag á svæðinu og er byggingin samkvæmt því víkjandi.

Óskað er eftir tilboðum í eignina auk hugmynda um nýtingu á svæðinu. Sérstaklega verður horft til samspils áætlana við markmið fyrirhugaðs deiliskipulags. Tilboðum skal skila inn eigi síðar en mánudaginn 7. september 2020.

Nánari upplýsingar er hægt að fá í gegnum netfangið fasteignir@reykjanesbaer.is

Listamannalaun 2021 Umsóknarfrestur 1. október

Auglýst eru til umsóknar starfslaun listamanna sem úthlutað verður árið 2021 í samræmi við ákvæði laga nr. 57/2009.

Umsóknarfrestur rennur út 1. október 2020.

Úthlutað verður úr eftirfarandi sjóðum:

launasjóður **hönnuða**
launasjóður **myndlistarmanna**
launasjóður **rithöfunda**
launasjóður **sviðslistafólks**
launasjóður **tónlistarfyltjenda**
launasjóður **tónskálda**

Í umsóknum er óskað eftir upplýsingum um feril umsækjenda, listrænt gildi verkefnis og rökstudda tímaáætlun. Einnig skulu fylgja upplýsingar um náms- og starfsferil svo og verðlaun og viðurkenningar. Þessir þættir liggja að jafnaði til grundvallar ákvörðun um úthlutun starfslauna.

Nota þarf rafræn skilríki við gerð umsóknar. Umsóknir eru einstaklingsumsóknir. Í vinnuáætlun er hægt að tilgreina samstarf sérstaklega. Eingöngu er tekið við rafrænum fylgigögnum.

Hafi umsækjandi hlotið starfslaun áður, verður umsókn aðeins tekin til umfjöllunar ef framvinduskýrslu/lokaskýrslu hefur verið skilað til stjórnar listamannalauna, sbr. 4. gr. laga um listamannalaun nr. 57/2009.

Vakin er athygli á því að áfram verður hægt að fella starfslaun sviðslistamanna inn í atvinnuleikhópaumsóknir.

Aðgangur að umsókn, eyðublöð fyrir framvinduskýrslu ásamt lögum og reglugerðum um sjóðinn o.fl., er að finna á vefslóðinni www.listamannalaun.is.

Nánari upplýsingar veita Ragnhildur Zoëga og Óskar Eggert Óskarsson á skrifstofu Rannís, listamannalaun@rannis.is.

Stjórn listamannalauna, ágúst 2020

launasjóður artists' salary fund

rannís
www.rannis.is



Þrjú af fjórum flokkum í meirihluta borgarstjórnar bæta við sig fylgi frá kosningunum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Oddvitar missáttir við niðurstöður könnunar

Niðurstöður nýrrar könnunar um fylgi flokka í borgarstjórn sýna töluvert breytta mynd frá síðustu kosningum. Fréttablaðið leitaði viðbragða fimm oddvita vegna niðurstaðna könnunarinnar sem birtar voru í blaðinu í gær.

REYKJAVÍK. „Ég er nokkuð undrandi á þessum niðurstöðum vegna þess að mín pólitík og pólitík Miðflokksins hefur gengið mjög vel. Þannig að ég tel mig og flokkinn eiga mikið inni,“ segir Vigdís Hauksdóttir, oddviti Miðflokksins í borgarstjórn, um niðurstöður könnunar á fylgi flokka í borginni sem greint var frá í blaðinu í gær.

Samkvæmt könnuninni, sem Zenter rannsóknir gerðu fyrir Fréttablaðið, myndu flokkarnir í meirihluta borgarstjórnar bæta við sig þremur borgarfulltrúum þó að Samfylkingin tapi fylgi. Miðflokkinurinn mælist með tæp fimm prósent en fékk rúm sex prósent í kosningunum.

„Við erum svolítið í víglínunni og eigum mikið dulið fylgi hjá hinum þögla kjósenda sem kannski vill ekki gefa sig upp. Við verðum oft fyrir aðkasti vegna skoðana okkar en ég hef náttúrulega beitt mér mjög hart í spillingarmálum í Reykjavík,“ segir Vigdís.

Oddvitar Vinstri grænna og Viðreisnar eru öllu ánægðari með niðurstöður könnunarinnar en báðir flokkarnir bæta við sig fylgi frá kosningum.

„Þetta eru auðvitað góðar fréttir fyrir meirihlutann. Maður er þakklátur fyrir allan þennan stuðning, en ég held líka að borgarbúar séu ánægðir með það sem við erum að gera,“ segir Líf Magneudóttir, oddviti Vinstri grænna.

Það sé mjög ánægjulegt að sjá svo góða niðurstöðu þrátt fyrir þann

Við leggjum áherslu á að vera til staðar fyrir þá sem upplifa skort og valdleysi.

Sanna Magdalena Mörtudóttir

harða og óvægna áróður sem rekinn hafi verið gegn meirihlutunum. Borgarbúar sjái í gegnum borgarfulltrúa sem reyni að slá ryki í augu fólks.

„Maður fær bara þessi fjögur ár til að sýna sig og sanna. Ég held að við séum að uppskera svolítið af okkar verkum í þessari könnun. Þessi pólitíski stormur um að hér sé allt á heljarþróm virðist bara vera stormur í vatnsglasi,“ segir Líf.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, oddviti Viðreisnar, segir að meirihlutinn liti á þessa könnun sem hvatningu til að halda áfram að skipuleggja græna borg.

„Það var bara mjög gleðilegt að vakna við sólina og þessar fréttir. Ef þetta væru einhverjar niðurstöður úr kosningum værum við með þrjú fulltrúa, en þetta er svona meira stöðutaka en eitthvað annað.“

Meirihlutinn hafi haft mikið í fanginu á kjörtímabilinu varðandi borgarþróunarmál.

„Núna erum við hálfnuð með kjörtímabilið en þetta er mjög samheldinn og góður meirihluti. Hann er líka sammála um stóru málin

þótt pólitíska litrófið sé augljóslega svolítið breitt,“ segir Þórdís Lóa.

Sanna Magdalena Mörtudóttir, oddviti Sósíalístaflökksins, segist nokkuð ánægð með niðurstöðurnar en flokkurinn bætir við sig frá kosningum og er nálægt því að ná inn öðrum borgarfulltrúa.

„Við viljum bara halda áfram að styrkja okkur og ná til fólks. Það er okkar markmið og þetta er brýning um að halda áfram. Það er gott að sjá að við erum eini flokkurinn í minnihlutunum sem bætir við sig samkvæmt könnuninni.“

Hún segist ekki vilja festast inni í Ráðhúsinu í engum samskiptum við borgarbúa. „Við leggjum áherslu á að vera til staðar fyrir þá sem upplifa skort og valdleysi. Við viljum ekki vera svona hefðbundinn flokkur sem er erfitt að ná í,“ segir Sanna.

Samkvæmt könnuninni myndi Flokkur fólksins missa sinn eina fulltrúa. Kolbrún Baldursdóttir, oddviti flokksins, segist hafa fundið fyrir mikilli jákvæðni frá fólki á kjörtímabilinu.

„Kannski í ljósi þess hvernig mín tilfinning og upplifun er, kom þetta mér þínu á óvart. Fyrir mig gengur þetta út á að hlusta á fólkið. Ég hitti mikið af fólki og fæ mikið af póstum frá fólki,“ segir Kolbrún.

Hún segist vilja vera miðill frá fólkinu og inn í borgina. „Síðan mun þetta auðvitað bara fara í dóm fólksins. Ef fólki finnst ég ekki hafa verið að vinna vinnuna mína eða ná árangri verð ég bara að taka því.“ sighvatur@frettabladid.is

Léttburafæðingum getur fjölgað

COVID-19 Barry Bogin, bandarískur prófessor við Loughborough háskólann í Bretlandi, varar við því í tímaritinu American Journal of Human Biology að COVID-19 faraldurinn gæti valdið minni fæðingarþyngd hjá þeim börnum sem mæður ganga nú með. Ekki þá vegna veirunnar sjálfar heldur streitueinkenna sem hafi þau áhrif að fósturin nærast verr.

Hann rannsakaði þetta í kringum bankahrunið 2008 í samstarfi við spænskan vísindamann, þar sem notuð voru gögn frá Íslandi, Portugal, Grikklandi og Japan. „Ríkisstjórnir og heilbrigðisstarfsfólk verður að tryggja að félagslegur, fjárhagslegur og tilfinningalegur

» Samkvæmt íslenskri rannsókn minnkaði fæðingarþyngd hjá börnum fæddum eftir hrúnið.

stuðningur verði til staðar, fyrir alla,“ segir í greininni. Einnig að það gæti tekið allt að tvær kynslóðir að meta líffræðilegar afleiðingar faraldursins á mannkynið.

Hér á landi var gerð ítarleg rannsókn á fæðingarþyngd eftir bankahrunið. Kom þá í ljós að aukning varð í léttburafæðingum hjá þeim konum sem eignuðust börn frá apríl til júní árið 2009. Hjá konum sem voru á fyrsta þriðjungi meðgöng-

unnar þegar hrúnið skall á.

Rannsóknir eftir árásinar á Tvíburaturunna 11. september 2001 og ýmsar náttúruhamfarir sem orðið hafa, sýna svipaðar niðurstöður. Meðgöngutíminn er ekki styttri en fósturin vaxa hægar og eru léttari.

Védis Helga Eiríksdóttir, verkefnisstjóri hjá Embætti landlæknis, sem kom að íslensku rannsókninni á sínum tíma, segir ekki öruggt að það sama gerist nú, en engar upplýsingar liggja fyrir á þessari stundu. „Við getum ekki sagt til um hvað gerist nú. Þetta er öðruvísi streituvaldur,“ segir hún, en einnig er sá munur á COVID-19 og hrúninu að hið síðarnefnda skall á með mun styttri fyrirvara. –khg

Kæru Breiðhyltingar.

Gerð hverfisskipulags fyrir Breiðholt er á lokametrinum og er vinnan afrakstur umfangsmikils samráðs við ykkur, íbúa hverfanna í Breiðholti. Við hvetjum alla til að kynna sér helstu vinnutillögur á hverfisskipulag.is

Á næstunni verða tillögurnar kynntar í Breiðholti með eftirfarandi hætti:

Viðvera í hverfinu

Starfsmenn hverfisskipulags kynna tillögur að hverfisskipulagi og svara spurningum.

18.-21. ágúst kl. 12.00-18.00
á kaffihúsinu í Gerðubergi

24.-28. ágúst kl. 12.00-18.00
í göngugötunni í Mjódd

Íbúafundur - Streymisfundur

Mánudaginn 31. ágúst kl. 19.30 - 21.00
Staður: Gerðuberg
Dagskrá auglýst síðar.

Hverfisgöngur

Starfsmenn borgarinnar og skipulagsráðgjafar segja frá hugmyndum um uppbyggingu í hverfunum og hvernig áherslur hverfisskipulags geta haft áhrif á þróun hverfanna til framtíðar.

Neðra Breiðholt – 25. ágúst kl. 19.30-20.30
Mæting við verslunarkjarnann í Arnarbakka.

Seljahverfi – 26. ágúst kl. 19.30-20.30
Mæting á bílastæðin við Seljakirkju.

Efra Breiðholt – 27. ágúst kl. 19.30-20.30
Mæting á Markúsatorgi við Gerðuberg.

Allir íbúar velkomnir
Nánari upplýsingar á hverfisskipulag.is





Grjóthrúgurnar hafa valdið ama.

Grjóthrúgurnar verði lagaðar

REYKJAVÍK Grjóthrúgurnar á Eids-granda eru manir, ekki grjóthrúgur. Þetta kom fram í svari Þórólfs Jónssonar, deildarstjóra náttúru og garða, við fyrirspurn Sjálfstæðisflokksins til skipulags- og samgönguráðs.

Grjóthrúgurnar hafa frá upphafi valdið íbúum við strandlengjuna tölverðum ama. Í svari Þórólfs segir að hrúgurnar verði lagaðar, þær lækkaðar og lagaðar betur að landinu. „Manirnar eru ekki grjóthrúgur heldur er þetta uppgróftur úr stignum og lag af mól yfir. Það var verið að vinna verkið í kappi við veturinn og vannst ekki tími til að huga nægilega vel að frágangi,“ segir í svarinu. „Ákvörðun um mölina var ekki mikið ígrunduð og manirnar höfðu ekki verið hannaðar heldur unnar beint í landið. Manirnar urðu óþarflega háar og sérstaklega ein mönin sem er of há og of brött og lokar sýn úr Reka-granda.“ – bb

Fastar úti á hafi í 15 klukkutíma

Tveimur írskum konum var bjargað nálægt eyinni Inis Oírr eftir að hafa hrakist úti á hafi í 15 klukkutíma. Þær höfðu farið út á svokölluðum „paddle“ brettum á miðvikudag en vindurinn feykt þeim lengst á haf út.

ÍRLAND Tvær ungar, írskar konur, Sara Feeney og Ellen Glynn, lifðu af að vera týndar á rúmsjó í 15 klukkutíma. Þær höfðu farið af stað á svokölluðum „paddle board“ brettum en misst stjórnina og rekið í burtu.

„Þær eru í áfalli og voru heppnar að veðrið var hlýtt,“ segir sjómaðurinn Patrick Oliver sem fann þær á fimmtudag, við sjónvarpsstöðina RTÉ. En þegar hann heyrði tilkynningu um að konurnar væru týndar fór hann strax af stað að leita ásamt Morgan syni sínum, sem er 18 ára. Út frá vindátt og straumum gat hann sigtað út svæðið sem þær reyndust vera á.

Konurnar, sem eru 17 og 23 ára frænkur, héldu af stað frá ströndinni Furbo í Galway-sýslu á vesturströnd Írlands á miðvikudagskvöld. Helen Feeney, móðir Söru, var með þeim þegar þær réru út, en þegar þær komu síðan ekki til baka hringdi hún í landhelgisgæsluna. Höfst allsherjarleit klukkan 22 á miðvikudagskvöld með bátum og þyrlum. Fjölmargir sjálfbodaliðar tóku einnig þátt.

Hvorug kvennanna var í blautbúningi, en til allrar lukku voru þær í björgunarvestum. Sara var þaulvön á bretti, en Ellen nær óreynd. En „paddle board“ bretti hafa notið síaukinna vinsælda, meðal annars hér á Íslandi.

Í samtali við RTÉ lýsir Ellen því



„Paddle“ bretti hafa notið mikilla vinsælda undanfarnin ár. MYND/GETTY

Rokið var það mikið að enginn heyrði í okkur.

Ellen Glynn

hvernig það tók aðeins nokkrar mínútur fyrir þær að missa stjórnina. Þær fuku langt, langt frá landi og vissu ekkert hvar þær voru. Allt í einu var vindurinn orðinn mjög mikill og öldurnar mun hærri. Framan af hafi þær þó haldið rónni og verið fullvissar um að þeim yrði bjargað. Meira að segja skiptust þær á að sofa á brettunum.

„Við vissum að við kæmumst ekki sjálfar til baka þannig að við

náðum að binda brettin saman. Við reyndum að róa til baka en öldurnar voru svo sterkar að við vorum fastar á sama stað,“ segir Ellen. „Við öskruðum í von um að mamma Söru myndi heyra og kalla fyrr eftir aðstoð. Vindurinn var það sterkur að enginn heyrði í okkur.“

Ellen og Sara sáu ljós báta í myrkrinu og öskruðu á þá. En það var sama sagan, enginn heyrði. Þrumuveður og ofsaregn skall á og þeim varð fljótt mjög kalt. „Við ákváðum að það væri enginn tilgangur með að missa stjórn á okkur. Við yrðum að vera jákvæðar og þá myndi allt bjargast,“ segir Ellen.

Um morguninn hafði þær rekið enn lengra út og ölduhæðin var orðin enn meiri. Þær fóru að nálgast eyjar sem kallast Aran og reyndu að róa þangað án árangurs. Þær fundu hins vegar humargildru sem þær gátu fest við brettin. Þrátt fyrir sjálfsbjargarviðleitnina og hið jákvæða viðhorf, misstu þær stundum trúna á að verið væri að leita að þeim.

Það var nálægt eyinni Inis Oírr í Aran klasanum sem Oliver feðgar fundu Ellen og Söru. Þeir hjálpuðu þeim um borð og sigldu til eyjarnar þar sem þyrla sótti þær og fóru með á spítala á meginlandinu. Helen sagðist vera að eilífu þakklát feðgunum fyrir björgunina og að konurnar væru ekki illa haldnar. kristinnhaukur@frettabladid.is

Bakstursofnarnir hjá Smith & Norland eru sannkallaðir sigurvegarar.

Hin virtu norrænu neytendasamtök **Kuluttaja** (finnsk), **Råd & Rön** (sænsk) og **Tænk** (dönsk) hafa gert úttektir á bakstursofnum frá ýmsum framleiðendum. **Siemens** ofnarnir komu best út og fengu topppeinkunn fyrir almenn gæði sín. Bravó!

Af því tilefni bjóðum við nokkra framúrskarandi ofna á tilboðsverði.



SIEMENS
Bakstursofn

HB 578ABS0S, iQ500



Orkuflokkur A. Brennslusjálfhreinsun. Átta ofnaðgerðir.

Tilboðsverð:
129.900 kr.

Fullt verð: 169.900 kr.



SIEMENS
Bakstursofn

HR 675GBS1S, iQ700



Orkuflokkur A+. Með gufu. Brennslusjálfhreinsun. 13 ofnaðgerðir.

Tilboðsverð:
189.900 kr.

Fullt verð: 249.900 kr.



SIEMENS
Bakstursofn

HB 672GBS1S, iQ700



Orkuflokkur A+. Brennslusjálfhreinsun. Átta ofnaðgerðir. Kjöthitamælir.

Tilboðsverð:
149.900 kr.

Fullt verð: 189.900 kr.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



Ekki láta koma þér á óvart!

HEITAVATNS- LOKUN í 30 tíma

frá kl. 2:00 aðfaranótt þriðjudagsins 18. ágúst
til kl. 9:00 miðvikudagsmorguns 19. ágúst

Lokað verður fyrir heitt vatn í **Hafnarfirði, Garðabæ,
Kópavogi og Norðlingaholti í Reykjavík.**

Ástæða lokunarinnar er stór tenging lagnar við Suðuræð, einnar af megin flutningsæðum hitaveitunnar á höfðuðborgarsvæðinu. Með tengingunni fá fleiri heimili heita vatnið sitt frá virkjunum á Hellisheiði og Nesjavöllum í stað þess að fá það frá borholum hitaveitunnar á lághitasvæðum í Reykjavík og Mosfellsbæ. Þannig stuðlum við að betri og enn ábyrgari nýtingu auðlindarinnar.

Nánari upplýsingar og ítarlegt kort af lokunarsvæðinu má sjá inn á veitur.is

Von vestra



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Val á Kamölu Harris, sem nú hefur verið valin úr hópi álittegra kandidata sem varaforsetaefni Joes Biden, er fallið til að styrkja enn frekar sigurlíkur Demókrata í forsetakosningum sem þar munu fara fram 3. nóvember eða eftir riflega tvo mánuði.

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu og víðar hefur blað verið brotið með því að velja hana. Hún er fyrsta konan sem ekki er af ættstofni hvíttra sem valin er til verksins en hún er af jamaískum og indverskum uppruna. Þegar haft er í huga hvernig bandaríska þjóðin er samsett af fólki af ólíkum uppruna með rætur nær hvaðanæva úr heiminum, sætir nokkurri furðu að fyrst nú sé þetta uppi á teningnum. Það þótti líka stórtíðindum sæta þegar Obama var kosinn forseti forðum, fyrstur svartra Bandaríkjamanna. Bandaríkjamenn eru sérkennileg þjóð.

Það má ráða af viðbrögðum Donalds Trump þegar fregnir bárust til hans af vali Demókrata að hann óttast Kamölu. „Hún er illkvittnasti, ferlegasti og dónalegasti þingmaðurinn í öldungadeildinni,“ sagði hann. Það eru ekki nema kunnáttumenn sem mæla svo. Ætli mætti ekki gefa honum svipaða einkunn? Það er þó ólíku saman að jafna, Donald og Kamölu.

Plan Bandaríkjaforseta til endurkjörsvirðist ekki ætla að ganga upp. Hann ætlaði að sýna kjósendum hvílikan efnahagsbata hann hefði fært þjóðinni, með lágmarksatvinnuleysi, hámarkshagvexti og að allt stæði í blóma. Það er öðru nær. Til að allrar sanngírni sé gætt ber hann ekki alveg einn ábyrgð á að ekki hefur betur gengið. Bandaríkin hafa orðið illa úti í baráttunni við heimsfaraldurinn og hann hefur svo sannarlega sett sitt mark á efnahagslíf vestra og þar hafa menn ekki bitað úr nálinni með efnahagslegar afleiðingar hans. En hann ber líka sína ábyrgð á hvernig Bandaríkin brugðust við þegar við blasti hvaða ógn ríkjum heims stafaði af faraldrinum. Hann skellti við því skollaeyrum og taldi að veiran myndi fljótt víkja.

Þegar svo allt er í óefni komið gripur forsetinn til örþrifaráða, svo sem að meina löndum sínum að koma heim, leiki á því minnsti grunur að þeir kunni að vera smitaðir. Lokar á ferðir til Kúbu til að ganga í augun á auðugum innflytjendum af kúbverskum uppruna í Flórída, en atkvæði þaðan skipta miklu í kosningunum. Og reynir svo að sá fræjum efasemda í hug kjósenda um kjörgengi Kamölu.

Lítið atriði í vikunni eins og sturtuendaleysan er svo vandræðaleg að engu máli nær. Allt vegna þess að hann vill að makki hans sé fullkominn. Þetta væri víða í sveitum hér á landi talinn hégómi.

Kamala Harris er vel að valinu komin. Hún er margreind á sviði bandarískrar stjórnsýslu og er líkleg til að reynast löndum sínum vel. Joe Biden gæti sannarlega verið betur lukkaður sem frambjóðandi Demókrata, en við því gera menn fátt úr því sem komið er. Hinn 78 ára gamli Biden er ekki hafinn yfir lögmál lífs og dauða. Bandaríkjamenn ættu vel að geta treyst Kamölu Harris hvernig sem það fer.



En hann ber líka sína ábyrgð á hvernig Bandaríkin brugðust við þegar við blasti hvaða ógn ríkjum heims stafaði af faraldrinum.

Gunnar



Mín skoðun Lára G. Sigurðardóttir



Jaðarfólkið

Fyrir viku var rætt við Ingibjörgu Þórðardóttur í Fréttablaðinu. Ingibjörg, sem starfar fyrir CNN í Bretlandi, minnti okkur á að forréttindi eru margþætt og að það sé hollt að minna sig á eigin forréttindi, ef einhver eru.

Fordómar forréttindafólks

Undanfarið hafa málefni transfólks og kynsegin fólks verið áberandi. Það biður um viðurkenningu frá samfélaginu. Eftir að hafa fylgst með baráttumálum þess sé ég betur hve lituð ég var af eigin fordómum, því fáfræði er undirrot fordóma.

Rót fordóma er að hluta til komin frá okkur foreldrunum, sem byrjum að flokka börnin okkar í tvö hólf áður en þau fæðast, strax við sónarskoðun. Eða eins og franskir mannréttindafrömuðurinn Simone de Beauvoir orðaði það: „Konur fæðast ekki, þær eru búnar til“ og vísaði til þess að við stýrum gjarnan hegðun þeirra og umhverfi til að verða konur. Og strákum til að verða að körlum.

Nú vitum við að ekki eru alltaf augljós skil milli kynjanna. Mannfólkið fæðist alls konar. Karlar með Klinefelter heilkenni fæðist til dæmis með auka kvenlitning og reglulega fæðast börn með millikyn (e. Intersex, hermaphrodite) þar sem bæði karl- og kvenkynfæri eru til staðar í einhverju formi. Í Louvre safninu er að finna höggmynd af gríska goðinu Hermafrodítus, sem er sýndur okkur með læri, brjóst og hárgreiðslu kvenmanns en karlmanns kynfæri.

Liffræði en ekki hugmyndafræði

Kynhormónar á fósturskeiði geta ákvarðað kynvitund okkar. Stanford-prófessorinn Robert Sapolski hefur tekið saman rannsóknir sem sýna að hægt er að breyta kynhegðun dýra. Til dæmis ef kvenkyns apar fengu testósterón á fósturstigi, litu þeir út og hegðuðu sér eins og karlkyns apar en með kvenliffræði.

Læknisfræðin hefur kennt okkur að það sama á við okkur mennina. Ákveðin röskun á hormónastarfsemi

hjá konum lætur þær fæðast með óræð kynfæri og jafnvel karllega hegðun. Og þær eru líklegri til að vera trans- eða samkynhneigðar. Með lyfjum var hægt að koma jafnvægi á hormónabúskap þeirra, en kynvitund þeirra hélst óbreytt.

Barn getur einnig fæðst sem drengur en lituð út sem stúlka. Barnið er því venjulega alið upp sem stúlka þar til kemur í ljós að eistu eru inni í kvíðarholi og engir eggjastokkar til staðar. Barnið hefur kvenlega eiginleika og er líklegri til að verða samkynhneigt, upplifa sig í röngum líkama eða jafnvel geta hvorki tengt sig við karl- né kvenkyn.

Það að upplifa sig í kyni sem samræmist ekki kyn-einkennum er því mun líklegri til að vera liffræðilegt, en ekki hugmyndafræðilegt val, eins haldið hefur verið fram. Kynvitund er því líklega ákvörðuð á fósturstigi og mótast bæði af eigin hormónum og hormónum móðurinnar, en heimurinn sem móðirin lifir í hefur einnig áhrif á fósturið.

Framför í mannréttindum

Það er því ekki að ástæðulausu að þann 29. maí 2019 hætti Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) að flokka transfólk með geðröskun. Þann 6. júlí sama ár tóku gildi ný lög á Alþingi um kynrænt sjálfstæði og hlutlausu skráningu á kyni. Markmið laganna er að kveða á um rétt einstaklinga til þess að skilgreina kyn sitt og tryggja að kynvitund þeirra njóti viðurkenningar.

Nýlegar rannsóknir sýna að mun fleiri teljast til transfólks en áður var talið og að transfólk býr oft á jaðri samfélagsins. Það upplifir gjarnan fordóma, ójöfnuð, útskúfun, ofbeldi og fær almennt verri heilbrigðisþjónustu.

Við sem tilheyrum þeim hópi sem hefur kyneinkenni sem samræmast kynvitund, erum forréttindafólk. Við þurfum að horfast í augu við eigin fordóma og taka þátt í baráttu jaðarfólksins fyrir samfélagi sem býður alla þegna þess velkomna.

Næring+ Millimál í fernu



Sjúkratryggingar Íslands
veita styrk til kaupa á Næring+

Komum hreint fram



Opnum aftur eftir endurbætur

Ný bílapvottavél á Dalvegi 22

Enn **betri** þvottur

OPNUNARTÍMAR

08–19 mán. til fös.

10–18 um helgar



Höldum umhverfinu hreinu
– einn bíl í einu
www.lodur.is • 568-0000



15 bílapvottastöðvar
í Reykjavík, Akureyri
og Reykjanesbæ

Hlaupa ein – til góðs

Af óviðráðanlegum ástæðum hefur Reykjavíkumaraþoni verið aflýst í ár en hlauparar eru þó hvattir til að reima á sig hlaupaskóna og láta um leið gott af sér leiða eins og fyrri ár. Við heyrðum í nokkrum hlaupurum.

Björk
Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is



Stjórnendur Reykjavíkumaraþons Íslandsbanka hvetja alla til að taka þátt í áheitasöfnuninni á hlaupastyrkur.is og velja þar sitt góðgerðarfélag, sína leið og sinn tíma til hlaups.

Þátttakendur þurfa eftir sem áður að skrá sig til leiks og er það gert á vefsíðunni mi.is. Hlaupaátakið hefst í dag, 15. ágúst, og stendur til 25. ágúst. Af því tilefni heyrðum við í nokkrum vönum hlaupurum um fyrirætlanir í ár og góð ráð.

Sautján hálfmaraþon

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson hefur tekið þátt í Reykjavíkumaraþoninu 17 sinnum og þá alltaf hlaupið hálfmaraþon.

„Ég hef hlaupið hálf Reykjavíkumaraþon 17 sinnum, muni ég rétt. Mér finnst skemmtilegt að skokka hér úti á Álftanesi og uppi í Heiðmörk en líka á stöðum víða um land þar sem ég hef ekki hlaupið áður. Það fylgir því alltaf dálítil aukaspenna að fara þannig ótroðna slóð. Mín ráð til hlaupara stemma við heilræði margra annarra: Þetta á að vera gaman og má ekki vera kvöð. Útivistin og hreyfingin er það sem skiptir mestu. Gott er að setja sér raunhæf markmið og leggja smám saman harðar að sér. Ef maður þykist alltaf vita sín takmörk kemst maður aldrei skrefinu lengra.“

Hleypur fyrir kvennadeildina


Kolbrún Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Lífs styrktarfélags og starfsmaður Ferðafélags Íslands, ætlar að styrkja kvennadeild Landspítalans.

„Líf er styrktarfélag kvennadeildar LSH en félaginu barst beiðni frá kvennadeild um styrk til kaupa á legspeglunartækjum.“

Mér finnst frábært að breyta hlaupinu í hlaupaáskorun því áheitin skipta öll þessi fallegu félög



Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson er svo sannarlega vanur hlaupari. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Arnar Pétursson er hvorki meira né minna en sjöfundur Íslandsmeistari í maraþoni. MYND/ADSEND



Kolbrún ætlar að hlaupa uppáhalds hlaupaleiðina sína, Ríkishringinn í Heiðmörk. MYND/ADSEND



Elín Edda Sigurðardóttir mælir með hlaupaleiðum á utanvegastígum í nágrenni Reykjavíkur. MYND/ADSEND

miklu máli. Sjálf hleyp ég fyrir Líf styrktarfélag sem í fyrra safnaði fyrir nýjum vöggum á kvennadeildina en þetta árið er draumurinn að verða við ósk lækna um kaup á legspeglunartækjum til að greina mögulega sjúkdóma í legi og jafnvel orsakir ófrjósemi,“ segir Kolbrún sem sjálf ætlar að hlaupa uppáhaldshlaupaleiðina sína, Ríkishringinn í Heiðmörk.

Ætlaði að slá Íslandsmetið í ár

Hlauparinn Arnar Pétursson hefur sjö sinnum orðið Íslandsmeistari í maraþoni.

„Ég hef tekið ellefu sinnum þátt í Íslandsbankamaraþoninu og sjö sinnum orðið Íslandsmeistari í maraþoni. Besti tíminn minn kom í fyrra þegar ég hljóp maraþonið á rétt rúmlega 2:23 en markmiðið í ár var að slá Íslandsmetið í maraþoni.“

Aðspurður segist Arnar ekki viss um að það teljist til hjátrúar en hann fái sér helst alltaf avókadó og bláber fyrir hlaup og varðandi ráð fyrir aðra hlaupara segir hann gott að búa sig undir mótlæti í hlaupinu. „Vertu þá klár með viðbragðsáætlun. Eins og þegar það kemur brekka ætlarðu bara að hugsa um að hreyfa hendurnar hraðar.“

Hljóp tvö maraþon í fyrra

Elín Edda Sigurðardóttir er vanur hlaupari en hljóp þó sitt fyrsta maraþon bara á síðasta ári en bætti um betur og hljóp sitt annað maraþon nokkrum mánuðum síðar.

„Ég mæli með hlaupaleiðum á utanvegastígum í nágrenni Reykjavíkur. Ein af mínum uppáhaldsleiðum, sem ég fer þó allt of sjaldan, er á stígnum í kringum Hvaleyrarvatn.“

Ég hljóp mitt fyrsta maraþon í Hamborg í apríl 2019 á 02:48 og annað maraþonið í Frankfurt í október 2019 á 02:44.

Ég var búin að undirbúa mig að fullu fyrir mitt þriðja maraþon í apríl 2020 í Vínarborg og taldi mig geta hlaupið á 02:41, en það varð því miður ekkert úr því vegna COVID-19.“



KOFTA
Lambaspjót

NORÐLENSKA

Spjót sem hitta í mark!

Einföld, fljótleg og ögn framandi lamba- eða nautaspjót sem smellpassa með jógúrtsósu, hrísgrjónum, naan brauði eða fersku salati.

Einfalt og bragðgott!



Volkswagen ID.3 1ST



Rafmögnuð Framtíð



Pantaðu þinn núna á
www.volkswagen.is/id3

#NúGeturÞú



Vertu 1STur með ID.3 1ST

Nú er komið að ID.3 að hefja nýjan kafla – tímabil vistvænna ferðamáta. Rafmögnuð akstursafköst, tímamótahönnun og hagnýt drægni. Nýr ID.3 1 endurspeglar óskir viðskiptavina í gæðum, þægindum, tækni og ekur allt að 550 km (WLTP) á einni hleðslu. Fólk sækir í breytingar. Framtíðin er reiðubúin og hún bíður þín.



www.volkswagen.is



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

Stólarnir við borðstofuborðið þurfa ekki allir að vera eins. Það má leika sér með liti því auðvelt er að breyta til.



CRAY BORÐSTOFUSTÓLAR



VERA SÓFI MUSTARD
2,5 sæta **183.992 kr.** 229.990 kr. – 3ja sæta **199.992 kr.** 249.990 kr.



VERTI MINI VEGGVASI
DÖKKGULUR
Verð **4.990 kr.**



VERTI MINI
VEGGVASAR
Verð **4.990 kr.**

EIGHTMOOD TIGRIS
PÚÐI 45x45 CM
Verð **7.990 kr.**



EIGHTMOOD SAMBORA
PÚÐI 60x60 CM
Verð **6.990 kr.**



CRAY BORÐSTOFU-
STÓLL BRONS
28.042 kr. 32.990 kr.



BROSTE BUBBLE
VASI 25 CM
Verð **5.890 kr.**



BROSTE AMBER GLÖS
Verð frá **1.390 kr.**



BITZ MATARSTELL



BROSTE HEGE BLÓMA-
POTTASTANDUR 63 CM
Verð **29.990 kr.**

Reykjavík 12 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 12 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 12 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 12 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Afsláttarverð gilda til 23. ágúst eða á meðan birgðir endast

Fáðu innblástur

... fallegir tónar fyrir lifandi heimili



RIMINI SÓFAR MUSTARD 2,5 sæta **87.992 kr.** 109.990 kr. – 3ja sæta **95.992 kr.** 119.990 kr.



BILOXI SÓFI KOPAR
3ja sæta **79.992 kr.** 99.990 kr.



MEXICO HÆGINDASTÓLL
MIRAGE MUSTARD
75.992 kr. 94.990 kr.



AVILA SÓFI KENTUCKY KONÍAK 2 sæta **135.991 kr.** 159.990 kr. – 3ja sæta **152.991 kr.** 179.990 kr.

Nýr bæklingur á
husgagnahollin.is

 HÚSGAGNA
HÖLLIN

Á nóg með sjálfan sig

Egill Helgason er landsmönnum flestum að góðu kunnur úr Silfri Egils og Kiljunni, tveimur af langlífustu sjónvarpsþáttum landsins. Egill ræðir æskuna, fjölskylduna, ferilinn, baráttuna við kvíða og þunglyndi og veiruna sem heltekið hefur heiminn.

Kristinn Haukur Guðnason
kristinnhaukur@frettabladid.is



Aðspurður um æskuheimilið segir Egill Helgason, sjónvarps- og blaðamaður: „Ég ólst upp á Ásvalla-götunni, í yndislegu hverfi. Ég geng þar oft um, dálítið nostalgískur, og finnst eins og ég hafi alist upp í paradís. Pabbi og mamma voru bæði háskólafolk, en hverfið var mjög blandað. Það er dálítið öðruvísi í dag þegar það hefur orðið óþarflega eftirsótt hjá ríku fólki. Fullmikill snobbarbragur yfir því.“

Þau bjuggu í húsi sem afi hans og amma keyptu þegar þau komu heim úr kristnibóðsstarfi í Kína, skömmu fyrir stríð. Fjölskylda Egils bjó á miðhæðinni en móðursystir hans og maður hennar í kjallaranum. Börnin í húsinu voru Egill og Halla systir hans, sem er þremur árum yngri, og tveir frændur þeirra. „Þetta var sannkallað fjölskylduhús – systir mín býr þar enn og mamma er tiltölulega nýflutt úr því yfir á Grund,“ segir hann.

Sofnar ekki nema hann lesi

En hvernig barn varst þú?

„Ég var ansi fyrirferðarmikill og hávær sem drengur,“ segir Egill. „Það mátti heyra í mér fyrir horn. Kári Stefánsson bjó rétt hjá, dálítið eldri en ég, hann tjáði mér einhvern tíma að móðir hans hefði sagt að eitthvað hlyti að verða úr dreng sem væri svona mikið að gerast í kringum. Vinir mínir gerðu grín að mér og kölluðu mig foringjann. Ég hafði forystuhæfileika þá líklega, en missti þá síðar á ævinni. Nú á ég bara nóg með sjálfan mig.“

Egill stundaði íþróttir af miklum mót í æsku, fótbolta, handbolta, badminton, borðtennis og tennis. Hann var duglegur í námi fyrst á ævinni en missti síðan áhugann. „En ég las alltaf reidinnar ósköp, las upp bókasafnið á Hofsvallagötunni og er ennþá lesandi. Get ekki farið að sofa nema ég lesi,“ segir Egill. „Ég aflaði mér hins vegar ekki nægrar skólamenntunar – hún hefði alveg mátt vera meiri.“

Leiðin lá í Menntaskólann í Reykjavík en Egill rakst illa í skóla. „Guðni, rektor MR, var mér velvilj- adur en sagði að hann hefði aldrei hitt jafn sérvitran nemaða. Svo varð ég blaðamaður kornungur, ekki nema 21 árs. Ég hafði aldrei stefnt þangað, lenti í blaðamennsku og hef ekki losnað síðan.“

Unglingurinn í hópnum

Egill lýsir því hvernig þetta gerðist og þessum upphafsárum hans í blaðamennsku á níunda áratugnum. „Illugi Jökullsson, bekkjarbróðir minn og vinur, fékk mig til að koma með sér að skrifa Helgarblað Timans. Það var dálítið undarleg

hugmynd, Framsóknarmenn sem buðu þessum ungu skóladropp- átum að skrifa ofan í sig helgarles- efni. En blaðið varð dálítið költblað hérna í Reykjavík – og svo heyrði ég ekki mikið kvart í bændum,“ segir hann. „Ásgeir Jónsson seðlabanka- stjóri ólst upp í sveit og sagði mér einhvern tíma að hann hefði bedið með óþreyju eftir hverju blaði og litid á það sem fjársjóð.“

Á þessum tíma komu flokks- blöðin ennþá út, Alþýðublaðið, Þjóðviljinn og Timinn, og Morgun- blaðið sem gnæfði yfir með sína miklu útbreiðslu. „Ég var samt alltaf frekar á jadrinum. Sótti einu sinni um vinnu á Mogganum, talaði við Styrmi sem sagði við mig: „Egill, langar þig nokkuð að vinna á Morgunblaðinu?“ Ég var lengi viðloðandi Helgarpóstinn sem var ótrúlega merkilegt og nýstárlegt blað á þeim tíma, nútímalegt og frjálst,“ segir Egill.

Hann starfaði með fjölmörgum blaðamönnum og ritstjórum sem hann lýsir sem ógleymanlegum. Á Tímanum nefnir hann Pál Magnússon, Agnesi Bragadóttur og Elías Snæland Jónsson. „Og Tíma-Tóti, Þórarinn Þórarinsson, var þar enn og skrifaði leiðara með lindarpenna,“ segir hann. Á Helgarpóst- inum voru það Árni Þórarinsson, Ingólfur Margeirsson, Halldór Halldórsson, Hildur Finnsdóttir, Magn- ea J. Matthíasdóttir, Sigmundur Ernir Rúnarsson og Jóhanna Sveins- dóttir. Steinunn Sigurðardóttir leit einnig við og dálkahöfundunum líkir hann við landslið. En þar voru Jón Baldvin Hannibalsson, Sigurður Pálsson, Sigríður Halldórsdóttir, Guðbergur Bergsson og fleiri.

„Svo kom Gunnar Smári til sögunnar, við áttum samfylgd í nokkurn tíma, hún var ekki alltaf snurðulaus, en ég held að megi segja að milli okkar sé ætíð einhver þráður,“ segir Egill. „En framan af var ég yfirleitt unglíngurinn í hópnum, langyngstur, kannski er það ástæðan fyrir því að mér finnst ég ennþá vera yngri en vinnufélagar sem eru jafnvel talsvert yngri en ég.“

Egill segir að kerfið hafi verið ágætt að mörgu leyti. Fólk ólst upp á blöðunum en sérstakir menn hafi verið í hinum pólitísku skrifum. Ungu fólkið lærði til verka og óvan- ar manneskjur voru til dæmis ekki sendar beint í sjónvarpsfréttir. „Mér finnst samt líklegt að ég sé eini maðurinn sem hefur bæði skrifað leiðara í Tímann og Alþýðublaðið,“ segir hann.

Ekki alltaf friður

Egill er fyrst og fremst þekktur sem sjónvarpsmaður auk þess að skrifa eitt langlífasta blogg landsins. Hann segist hafa slystast inn í sjónvarpið rétt eins og blöðin. „Það mætti halda að ég hafi verið hálf með- vitundarlaus um feril minn,“ segir Egill. „Vinur minn Guðbergur Dav- íðsson kvikmyndagerðarmaður ber



Egill segir að sér líði ágætlega á þessari stundu en það sé ekki ávisun á að svo verði allt árið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

algjörlega ábyrgð á því. Fyrst fékk hann mig til að gera með sér röð sjónvarpsþátta sem voru sýndir á RÚV og fjölluðu um þjóðarkarakter Íslendinga frá ýmsum hliðum en síðar var það hann sem dró mig inn á Skjá einn til að stjórna umræðu- þáttunum sem fengu nafnið Silfur Egils. Áður hafði ég skrifað pistla í Alþýðublaðið undir því nafni.“

Ekki leið á löngu uns þættirnir slógu í gegn, enda umræðan oft frjálsligri og óþvingaðri en tíðkað- ist í sjónvarpinu. Egill fékk til sín fólk sem var ekki reglulegir gestir í sjónvarpsþáttum. Þátturinn var verðlaunaður með Eddu strax á fyrsta ári. „Þetta var brjálæðislega skemmtilegur tími. Fullt af ungu fólki, fullt af hugmyndum, rými til að skapa og framkvæma. Þegar Skjárinn kom til sögunnar varð blómaskeið í íslensku sjónvarpi því hinar stöðvarnar fengu ærlegt spark í rassinn,“ segir Egill.

Gekk þetta alltaf snurðulaust fyrir sig?

„Nei, það var ekki alltaf friður, fjarri því,“ segir Egill. „Bak við stöð- ina voru aðilar sem voru litt sáttir við mig og það endaði með því að ég var látinn fara. Þá tók Sigurður G. Guðjónsson þáttinn upp á arma sína og setti hann á dagskrá Stöðvar 2. Þar var hann í fjögur ár – þá var



ÉG VAR Í SUNDI ÚTI Á NESI Í FYRRA, ÆTLADI Í POTTINN OG ÞÁ ÓÐ UPP ÚR HONUM MAÐUR SEM ÆPTI HÁSTÖFUM AÐ HANN ÆTLADI SKO EKKI AÐ DEILA POTTI MEÐ KOMM- ÚNISTA. RAUK VIÐ SVO BÚIÐ Í STURTU.

Jón Ásgeir búinn að eignast Stöð 2. Páll Magnússon var svo nýorðinn útvarpsstjóri og hafði samband við mig og Silfrið fór yfir á RÚV. Ég held það sé dálítið óvenjulegt að sami þátturinn hafi verið á dagskrá þriggja sjónvarpsstöðva.“

Þrátt fyrir velgengnina í sjónvarpi segist Egill líta á sig fyrst og fremst

sem skrifandi blaðamaður. Honum líði illa ef hann skrifi ekki eitthvað daglega. Bloggið sem miðill hafi átt vel við hann og hann greip þann bolta strax á fyrstu árum inter- netsins.

„Ég bloggaði í 20 ár nánast sam- fellt, alveg þangað til í vor. Sem stendur hef ég engan vettvang fyrir það, þannig að ég skrifa óþarflega mikið á Facebook, bara af þessari skriftarþörf minni, en mér er illa við að vera húskarl hjá Zuckerberg. Kannski ætti ég að skrifa bók, en ég hef ekki alveg eirð í mér til þess.“

Silfur Egils, eða Silfrið, á 20 ára afmæli á þessu ári og bókmennta- þátturinn Kiljan 13 ára. En Agli þykir sú vinna ekki síður ánægju- leg, og þá sérstaklega gerð inn- slaga sem krefjast þess að ferðast sé út fyrir borgarmörkin. „Svo hef ég gert lengri þætti og þeir veita manni mesta fullnægju, Vesturfara- þættina, Steinsteypuöldina, Kaup- mannahöfn – höfuðborg Íslands og síðast Siglufjarðarþættina. Ég var afar glaður yfir móttökunum vegna þeirra – enda lá að baki mjög mikil vinna,“ segir hann.

Máttur málamíðlana

Sem þáttarstjórnanda í stærsta stjórnmálaumræðuþætti landsins hafa Agli margsinnis verið gerðar



**ÉG VEIT AÐ MÖRGUM
VINUM MÍNUM FINNST ÉG
VERA ÓTTALEGUR TUÐARI,
ÓTTASLEGÍÐ GAMAL-
MENNI, EN MÉR SÝNIST AÐ
NÚ SÉU Æ FLEIRI AÐ KOM-
AST Á MÍNA SKOÐUN.**

undan kvíðanum og þunglyndinu í alltof mikilli vinnu. Fannst um tíma eins og hún væri upphaf og endir alls – og að maður þyrfti helst stöðugt að vera að og í sviðsljósinu. Mætti aldrei missa úr þátt. En lykkillinn að nokkuð stöðugri lífs-hamingju er ekki þar.“

Birgðu sig upp af mat og lyfjum
Egill segist hafa haft vonda tilfinningu gagnvart farsóttinni sem síðar fékk heitið COVID-19 um leið og hann las fréttir um uppgang hennar í Kína. Taldi hann að þarna væri á ferðinni veira sem yrði ekki stöðvuð.

„Í febrúar keypti ég frystikistu í fyrsta sinn á ævinni og við birgðum okkur upp af mat og lyfjum. Það var í fyrsta sinn sem ég hef búið mig undir að loka mig af. Sem betur fer reyndist pestin ekki jafn skæð og til dæmis Spænska veikin, en maður þarf samt að beita öllum ráðum til að smitast ekki,“ segir hann. „Það er ekki bara dauðinn sem maður óttast, og veikindi manns nánustu, heldur líka langvarandi afleiðingar sóttarinnar.“

Hann er líka á þeirri skoðun að einungis harðar aðgerðir dugi til þess að veikin berist ekki til landsins að utan. Að valið standi um að hafa landamærin opin eins og nú er eða að eiga nokkuð eðlilegt líf í vetur, hvað varðar skólastarf, íþróttir, menningu og félagslíf. „Ég veit að mörgum vinum mínum finnst ég vera óttalegur tuðari, óttaslegið gamalmenni, en mér sýnist að nú séu æ fleiri að komast á mína skoðun. Þetta er svipað því og Gylfi Zöega hefur sýnt fram á með hagfræðilegum rökum,“ segir hann. „Og ég er dálítið þreyttur á frasanum „að lifa með veirunni“. Ef landamærin eru opin og smit berst stöðugt inn í landið, þýðir það þá að þeir sem eru viðkvæmir séu í einhvers konar stofufangelsi? Þetta er ansi stór hluti þjóðarinnar. Mér hafa fundist skilaboðin vera ansi loðin undanfarið, en mér sýnist að ákvarðanir ríkisstjórnarinnar og sóttvarnalæknis frá því í gær séu mjög skynsamlegar.“

Egill ferðaðist um Ísland fyrir hluta sumars eins og margir Íslendingar og naut þess innilega. Hann segist þó hafa verið hikandi við að ferðast eftir að faraldurinn blossaði upp að nýju og hafa eytt mun minni peningum í ferðalög en hann hafði ráðgert.

Heldur þú að faraldurinn breyti öllu til frambúðar?

„Ýmislegt mætti auðvitað breytast. Hrunið breytti kannski ekki svo miklu – við tókum bara nýjan hring í æðislegri efnishyggi og neyslu. Í kóvíð höfum við þurft að hyggja aðeins að smærri hlutum, við hjónin fórum að rækta grenmeti til dæmis. Að sumu leyti hefur verið huggulegt að nánast hjúfra sig með fjölskyldunni. Fólk þarf ekki tíu utanlandsferðir á ári, borgarferðir, fótbóltaferðir, skíðaferðir, ferðir á fundi. En ég er samt ekki viss um að það breytist mikið til langframa – það ræðst væntanlega af lengd pestarinnar og kreppunni sem henni fylgir. Eins og staðan er ætti maður kannski frekar að lifa bara frá degi til dags og reyna að finna hamingju í núinu en að hugsa svo langt.“

upp pólitískar skoðanir. „Ég hef verið vændur um að vera hitt og þetta: Framsóknarmaður, bölvæð íhald og kommúnisti,“ segir hann. „Ég var í sundi úti á Nesi í fyrra, ætlaði í pottinn og þá óð upp úr honum maður sem æpti hástöfum að hann ætlaði sko ekki að deila potti með kommúnista. Rauk við svo búið í sturtu.“

Hvað stjórnmálaskoðanir varðar segist Egill heldur miðju-sækinn og trúa á mátt mála-miðlana. Í störfum sínum reyni hann ávallt að vera sanngjarn og kannski einum of. „Mér fer yfirleitt að þykja smá vænt um allt fólk sem ég hef dregið í sjónvarpssal og situr þar fyrir framan mig. Kannski er ég full meðvirkur að eðlisfari eða af kurteis. Ég er ekki sérlega dómharður og frekar gjarn á að skima eftir því góða í fólki.“

Hefur þú starfað í flokki?

„Nei, ég hef aldrei verið í flokka-pólitik. Ég er mjög lélegur í hópum, er hálfgerður einfari, og leiðist á fundum. Ég var í smátíma skráður í Alþýðuflokkinn á tíma Jóns Baldvins og svo skráði Andrés vinur minn Magnússon mig einu sinni í Heimdall. Ég er ekki viss um að við höfum verið allsgáðir þá,“ segir Egill. „Ég hef stundum hugleitt að það gæti verið forvitnilegt að sitja

á Alþingi, en óttast miklar fundasetur. Og svo er spurning hverju maður fengi áorðað þar inni. Þyrfti maður að lúta ströngum flokksaga – það ætti ekki vel við mig. Ég veit heldur ekki hvaða flokk ég ætti að fara í.“

Giftust á grískri eyju

Egill er giftur Sigurveigu Káradóttur matreiðslumanni og eiganda Matarkistunnar. Saman eiga þau soninn Kára sem hefur vakið athygli sem píanóleikari.

„Við Sigurveig kynntumst bara á krá í Reykjavík. Það er nú ekki flóknara en það,“ segir Egill spurður um hvernig þau kynntust. „Við eignuðumst svo hann Kára og giftum okkur í Grikklandi, á eyjunni Folegandros þangað sem við förum hvert ár.“

Þeir sem hafa lesið bloggsíðu Egils vita að Grikkland er í miklum metum hjá honum og hann heim-sækir landið reglulega. Faraldurinn hefur hins vegar sett strik í reikninginn og er þetta ár í fyrsta sinn í hálfan aldarfjórðung sem hann fer ekki þangað. „Held ég megi segja að það sé mitt annað heimaland. Ég á marga vini þar en það er of snemmt að spyrja hvort ég setjist þar að í ellinni. Folegandros er reyndar hálfgertrókrassgat á vetrum,“ segir

hann spurður hvort stefnan sé sett á að flytja þangað einhvern daginn.

Fjölskyldan hefur einnig dvalið mikið í Bandaríkjunum vegna tónlistarnáms Kára. En hann hefur fengið viðurkenningar og styrki til að fara þangað á námskeið. Árið 2018 hlaut hann hvatningarverð-laun samtaka tónskálda í Bandaríkjunum, ASCAP, þá 16 ára gamall. Hann lýkur framhaldsprófi í klassískum og djasspíanóleik í vetur en semur einnig tónlist og útsetur. Egill segir að það sé meira í ætt við dægurtónlist og Kári þurfi að fara að komast í almennilegt stúdíó. „Maður fylgist stundum undrandi með, hann hefur til dæmis einstaka gáfu til að improvisera í alls kyns tónlistarformum. Ég veit ekki hvar drengurinn finnur þessa dýpt – varla frá mér sem hef frekar flotið á yfirborðinu allt mitt líf, vitandi lítið um marga hluti. Kannski frá móður sinni sem hefur ótrúlega frjótt ímyndunarafli. Ég er miklu hversdagslegri persónuleiki en þau bæði,“ segir Egill.

Leitaði skjóls í of mikilli vinnu

Í vor opnaði Egill sig um baráttu sína við kvíða og þunglyndi. Hann segir að þessir vágastir hafi alltaf blundað í honum og lýsi sér stundum í frekar lágu sjálfsmati. Honum

hafi hins vegar oft tekist að breiða yfir þetta með því að vera glaður í bragði út á við.

„Þetta fór að ágerast hjá mér fyrir svona fjórum árum, en það var í fyrravor að ég upplifði alvarleg kvíðaköst,“ segir hann. „Maður tekst á við þetta, lyf hjálpa, hugleiðsla, tímar hjá sálfræðingum, göngutúrar við sjóinn. En þetta er lúmskt og lædist aftan að manni þegar minnst varir. Maður festist í þráhyggjukenndum hugsunum – bak við mann er fortíð sem virkar óbærilega þung, full af eftirsjá en fyrir framan skelfing óviss framtíð. Maður týnir núinu þar sem er sagt að hamingjuna sé helst að finna. Svo hættir maður að geta sofið, vaknar á nóttinni og hinar þungu hugsanir troða sér strax fram.“

Egill segist líða ágætlega á þessari stundu en að það sé ekki ávisun á að svo verði út allt árið. Faraldurinn og áhrif hans hafi vissulega áhrif á geðheilbrigði.

„Mér finnst sjálfsagt að tala um þetta. Samt er ég ekki maður sem er gjarn á að bera tilfinningar sínar á torg, er líklega frekar dulur og ekkert sérlega hreinskilinn. En af hverju ætti það að vera feimnismál? Ég er bara svona. Ég hef neyðst til að horfast í augu við það síðustu misserin – held ég hafi um tíma leitað skjóls

Geimurinn harður húsbóndi

Geimvísinda- og tækniskrifstofan Space Iceland hefur verið starfrækt hér á landi frá síðasta ári. Þar starfa meðal annarra þrjár konur við framgang geimvísinda hér á landi og er **Björg Alfa Björnsdóttir** ein þeirra.

Björk
Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is



Björg Alfa Björnsdóttir segir flókna pólitík vera í kringum geimvísindi og tækni. „Geimvísinda- og tækniskrifstofan er auðvitað fyrst og fremst þjónustuskrifstofa. Við vinnum með vísindamönnum og hátæknifyrirtækjum, en okkar hlutverk er fyrst og fremst að sjá til þess að sérhæft og hátæknimenntað fólk geti sinnt sinu starfi. Við önnumst umsýslu, reynum að tengja fólk saman, aðstoða við umsóknir og leyfisveitingar, hittum fjárfesta og svo framvegis,“ segir hún en á bak við skrifstofuna eru um 40 lögaðilar sem allir hafa aðkomu að geimvísindum og tækniþróun hér á landi.

Jarðbundið starf

„Það kemur fólki oft á óvart hvað þetta er jarðbundið sem við erum að gera. Þó svo að ég hafi unnið að eldflaugarskoti, verkefni sem tengist hýbíláhönnun á Mars, ræktun úti í geimi og tilraunum með rover eða reykiráfi, þá er stór hluti okkar vinnu að sjá til þess að hér sé umhverfi fyrir erlenda aðila og íslenska sem hafa áhuga á að starfa í geimvísindum,“ útskýrir Alfa eins og hún oftast er kölluð.

„Geimvísinda- og tækniiðnaðurinn er mjög stór, en þetta er þéttur hópur og allt fréttist mjög hratt. Hlutverk skrifstofunnar er fyrst og fremst að vera þjónustukjarni, eins konar miðpunktur, fyrir stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga sem eru að vinna að eða hafa áhuga á að vinna að verkefnum tengdum geimvísindum og tækni.“

Merkileg saga hér á landi

Alfa bendir á að Ísland sé nú þegar stór þátttakandi í geimvísindum og eigi sér merkilega sögu þegar kemur að geimvísindum. „Hér þjálfuðu Apollo-fararnir á sjöunda áratugnum, Frakkar skutu upp eldflaugum héðan fyrir 50 árum og rússneska geimferðastofnunin Roscosmos hefur verið með rannsóknir hér á landi. Í síðasta mánuði vorum við með vísindamenn sem eru að hanna og þróa hýbýli fyrir tunglið og Mars,“ útskýrir Alfa og segir það markmið starfsmanna að sem mest verðmæti verði eftir í landinu.

Fyrsta tilraunaskotið í bigerð

Fyrsta skotið sem skrifstofan kemur að er ráðgert í þessari viku. Um er að ræða tilraunaskot eldflaugar á Langanesi, á vegum skoska fyrirtækisins Skyrora. Þegar blaðið fór í prentun hafði þó enn ekki orðið af skotinu sökum sterkra vinda.


„Við erum auðvitað mjög stolt af því að draga hingað til lands fyrirtæki eins og Skyrora. Það er hluti af okkar vinnu, að sjá til þess að hingað komi erlend fjárfesting. Almennt eru þeir sem til okkar leita viljugir til að byggja upp og starfa hér í samvinnu við innlenda aðila, en hlutir gerast hægt í geimvísindum. Geimurinn er harður húsbóndi.“

Alfa segir samstarfsaðilana bæði vera innlenda og erlenda og eiga það sameiginlegt að tengjast störfum og atvinnusköpun hér á landi. „Innlendu aðilarnir tengjast rannsóknum, verkfræði, tölvutækni, hugbúnaði og gervigreind, landbúnaði og ferðaþjónustu, svo fátt eitt sé nefnt.

Ísland er þegar þekkt í geimvísindum og hér er tæknin og kjöraðstæð-



Björg Alfa Björnsdóttir bendir á að geimvísindurinn sé á hraðri uppleið og Ísland ætti að taka þátt enda muni fjölmörg störf skapast. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Leitar íslenskra geimorða

Hugrún Hanna Stefánsdóttir er með meistarapróf í nýttjapýðingum og starfar við iðorðaverkefni Geimvísinda- og tækniskrifstofunnar.

Starfið felst í því að skoða fyrirbyggjandi heimildir á íslensku sem tengjast geimvísindum- og tækni og safna saman þeim orðaforða sem finnst.

„Við höfum verið að nýta okkur ritað efni frá sjötta áratugnum. Á þeim tíma voru geimvísindi mikið til umfjöllunar um allan heim, þar á meðal á Íslandi. Þá, eins og núna, þurftu blaðamenn

oft að þýða og búa til ný orð. Svo sækjum við okkur einnig efni á ensku og þýðum á íslensku og skilgreinum. Stefnt er á að birta allt efnið, þýðingar og skilgreiningar, í Iðorðabanka Arnastofnunar.

Markmiðið er að gera íslenskan orðaforða í geimvísindum sem aðgengilegastan og við vonum að sem flest hugtök komist í almenna notkun,“ útskýrir Hugrún en hún segir mikilvægt að tryggja jafnrétti tungumálanna en nú sé enskan ráðandi í geimvísindum og tækni.

ur til tilrauna. Það þarf ekki annað en að horfa á Ísland til að sjá hvers vegna það er, landslagið minnir að mörgu leyti á tunglið og Mars. Við búum einnig yfir gríðarlegri þekkingu og vel menntuðu fólki. NASA til

dæmis hélt fyrirlestur í vor um kosti Íslands í þessum málum.“

Geimtækni um allt

Alfa segir gríðarlegan vöxt framundan í tengslum við geimvísindi.



Kortleggur tækifærin

Sigrún María Jónsdóttir er hluti af teymi Geimvísinda- og tækniskrifstofunnar sem vinnur að skýrslu um kortlagningu á tækifærum og getu til aukinnar verðmætasköpunar í geimvísindum.

„Starf mitt snýst um að safna saman upplýsingum um geimvísindi hér á landi með því að

hafa samband við einstaklinga og samstarfsaðila okkar og lesa margs kyns skýrslur og fréttir.

Með þeim upplýsingum get ég greint þá kosti og galla sem eru til staðar á markaðnum, fundið út hverjir notendur hans yrðu og hvað það er sem þeir þurfa til að styrkja geimvísindi Íslands.“

„Flest okkar eru hætt að taka eftir því að okkar daglega líf er umkringt tækni sem er í geimnum. Snjallsímar væru til dæmis ekki á þeim stað sem þeir eru í dag, ef ekki væri fyrir geimrannsóknir. Meira að segja „memory foam“ dýnur eiga uppruna sinn í könnun geimsins. Gervihnattagögn eru mikið nýtt hér eins og annars staðar. Við nýtum þau til að spá fyrir um veður, jarðhræringar og jafnvel COVID-rakn-

ingarappið notar GPS-kerfi.“

Alfa segir mikilvægt fyrir Ísland að leggja áherslu á nýsköpun. „Geimurinn er risavaxinn iðnaður, framþróun hröð og útlit er fyrir að sprenging verði í störfum. Þátttaka Íslands gerir íslenskum fyrirtækjum kleift að standa á öxlum risa frá fyrsta degi en fyrirtæki og þjóðir í þessum geira, jafnvel stærstu og öflugustu þjóðir, þurfa einfaldlega að starfa saman.“

KRÓNAN

Jalapeño ...
lauflétt trix en algjör
**LEIKBREYTI
Á GRILLID!**

Fáðu töfra
innblástur á
[kronan.is/
töfrar](http://kronan.is/töfrar)

TÖFRABRAGE
JALAPEÑO
SNILLD Á GRILLID



599 kr. pk.



-30%

Ferskir maísstönglar

139 kr. stk.

Verð áður 199 kr. stk.



Ódýrt

Bara beikon sneiðar

1899 kr. kg

Lambagrillsneiðar úr læri

1999 kr. kg



Bara pylsur, 10 stk.

429 kr. pk.



Ódýrt

First Price dijon sinnep

179 kr. pk.

Steiktur laukur, 200 g

119 kr. pk.



Ódýrt

Hamborgarar 4 stk með brauði

998 kr. pk.





HÚSASMÍÐJAN

FYRIR
ÞIG

HÚSA

DA

Allt klárt



Sjáðu
verðið!

TOPEX

5.990 kr

Búkki 2 stk.

Hæð 78 cm, breidd 57 cm. Ber 227 kg. 5023988



22%

13.995 kr

17.995 kr

Verkfæravagn

NEO, 84-229, þrjár hillur á hjólum, stærð: 630x390x810 mm, hver hilla ber 120 kg, hjól 4x1", bremsa á tveimur. 5024490



blómaval
Haust-
Erikurnar
komnar!

Tilboð
3 stk. að eigin vali

1.299 kr

1.797 kr

enox:
enjoy life



169.900 kr

Enox V7 rafmagnsvespa

Nett og nútímaleg. Umhverfisvænt farartæki. Hámarkshraði 25 km/klst. og drægni á rafhlöðu er allt að 80 km. 3903101

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



25%

damixa™

29.190 kr

38.990 kr

Eldhústæki

Silhouet, svart. 8000048



9ltr.

25%

7.796 kr

10.395 kr

Jotun vegg- og loftamálning

Hentar bæði á loft og vegg. Auðveld í notkun, þekur vel. 7119781, 7119784



Allt í berjatísluna



25%

20%

GROHE

18.990 kr

23.990 kr

Handlaugartæki

Essence, króm, tryggir auðvelda og nákvæma notkun, StarLight áferð auðveldar þrif, botnventill með push-up tækni. 7911061



25%

Parket
mikið úrval!

ALSAPAN

2.165 kr/m²

2.990 kr/m²

Harðparket

Nature, eik, 8 mm, 4V, AC5-450-5523127. 147422



45%

blómaval

1.690 kr

2.990 kr

Burkni í 11 cm potti

11 cm pottur. 11261829



Sjáðu
verðið!

69.990 kr

78.990 kr

Þvottavél 1400 sn. EW2F304R6.

Magn af þvotti mest 8 kg, 1400 snúninga, A+++ orkuflokkur. 1805698

33%

blómaval

1.990 kr

2.990 kr

Friðarlilja í 12 cm potti

12 cm pottur. 11400017

SMIÐJU GAR

fyrir haustið



7.516 kr
~~9.395~~ kr
LADY vegg 10
Hágæða innanhúss veggmálning í gljástigi 10%.
2,7 ltr. 7122220



PAMEJA
ceramica
3.370 kr/m²
~~4.496~~ kr/m²
Flísar
Piave Pearl, 30x60 cm, Rectif, R9, frostþolin.
8611154



1.990 kr
~~2.690~~ kr
Orkidea í 12 cm potti
12 cm pottur. 11325000



Skoðaðu 56 blaðsíðna
tilboðsblað
á husa.is

Parket **-25%** • Sláttuvélar **-30%** • LADY málning **-20%** • Háþrýstidætur (Nilfisk) **-20%**
Slönguhjól (Claber) **-20%** • Viðarvörn (Jotun) **-20%** • Pallaolía **-20%** • Pallahreinsir **-20%**
Útimálning **-20%** • Allt í berjatínsluna **-20%** • Vegg & loftmálning (Jotun) **-25%** • Flísar **-25%**
Handlaugar (Laufen) **-20%** • Bað- og eldhúsplötur (Berry Alloc) **-20%** • Hillurekkar (Avasvo) **-20%**
Rafmagnshlaupahjól **-20%** • Blöndunartæki (Grohe) **-20%** • Salerni (Laufen) **-20%**
Vinyl parket **-25%** • Ryksuger (Nilfisk) **-20%** • LADY lakk **-20%** • Reiðhjól **-25%**
Garðhúsgögn **-30%** • Ferðavörur **-30%** • Sumarleikföng **-30%**

...skoðaðu enn fleiri tilboð í vefblaðinu á husa.is



Teitur
Guðmundsson
læknir

Doktor.is



Svindliðnaður hefur spröttið upp í faraldrinum. MYND/GETTY

Spritt og svindl

Bandaríska lyfjastofnunin FDA hefur sent út viðvaranir þar sem margar tegundir spritts á markaði eru beinlínis taldar heilsuspillandi. Greinilegt er að sjálfsprottinn svindliðnaður er kominn til í þessari slæmu krísu sem við erum í á heimsvísu vegna COVID-19.

Óprúttir aðilar hafa framleitt slíka vöru sem inniheldur methanol sem er eitrefni fyrir líkamann við frásog og sérstaklega ef innbyrt. En það er sama efni og við í daglegu tali köllum tréspíra.

Alvarleg eitrunaráhrif geta komið fram en methanol-eitrun getur verið lífshættuleg í ákveðnu magni. Ýmis einkenni eitrunar, líkt og ógleði, hausverkur, svimi, sjóntruflanir og önnur einkenni frá miðtaugakerfi geta komið fram.

Flestir þekkja þá sögu að af tréspíra geti maður blindast. Í dag eru tilvik í Bandaríkjunum tengd þessari vöru þar sem slíkt hefur gerst. Það hefur því verið gefinn út listi sem í dag inniheldur meira en 100 mismunandi framleiðendur og merki sem eru að selja og svindla á spritti þar í landi og vafalítið eru einnig slíkar vörur á Evrópumarkaði og víðar.

Það er mikilvægt að hafa varann á og því miður eru engin takmörk á því hvað fólk getur lagst lágt til þess að búa til peninga á neyd annarra. Spritt drepur veiruna og er ein meginstöð einstaklingsbundinna sóttvarna. Sprittið þarf að innihalda alkóhól í 70% styrk eða meira til að gera gagn.

Muna!

- Handþvottur
- 2 metra regla
- Handspritt



Samspil ólíkra þátta veldur því að óþægindi verða af myglu. MYND/GETTY

Áhrif sveppa og myglu

Talsverð umræða hefur verið síðastliðin ár vegna mygluvanda og rakaskemmda í húsnæði sem hafa áhrif á líf og líðan einstaklinga. Einkennin eru margvísleg og margþætt.

Einkenni hafa verið fjölmörg og er enn að vissu leyti deilt um orsakir og afleiðingar. Það virðist þó nokkuð ljóst að heilsufarsleg áhrif eru til staðar og þau einstaklingsbundin líkt og við þekkjum við ofnæmi.

Sumir finna fyrir köttum eða grasi, aðrir ekki. Að vissu leyti gildir hið sama um viðbragð líkamans við sveppum og myglu.

Í dag er viðurkennt að slímhúðar-einkenni frá augum, nefi og lungum virðast megineinkenni auk útbrotta í húð.

Flóra hefur verið nefnt eins og þreyta, óljósir verkir, slappleiki, svefntruflanir og breyting á einbeitingu og minni, sem hefur þá fremur verið tengt við eitrunaráhrif sem þessar lífverur hafa á miðtaugakerfið.

Samspil ólíkra þátta

Enn hefur ekki verið fundin endanleg niðurstaða hvað öll þessi atriði

snertir. Við vitum að mygla er allt um kring og hefur alla jafna ekki mikil áhrif á okkur. Það er samspil raka og myglu, loftunar og ýmissa annarra þátta svo sem efna og efna-samsetninga í húsnæði sem virðist hafa áhrif á þá sem eru móttækilegir og flækir myndina enn frekar.

Það eru til fjöldamargar undirtegundir sveppa sem vert er að skoða og greina enda er þekkt að þeir valda alls ekki allir einkennum. Við lifum daglega með sveppum í lífi okkar, mörg þekkjum við sveppasýkingar af öðrum toga en myglu sem hafa áhrif á líkamann.

Þar má nefna naglsvepp sem býsna margir glíma við, sveppasýkingar í slímhúðum sem er einnig algengt vandamál. Þá má ekki gleyma alvarlegri sveppasýkingum sem geta herjað á sjúklinga sem eru ónæmisbæddir eða glíma við mein og/eda taka lyf sem draga tennurnar úr ónæmiskerfinu. Allt skiptir þetta miklu máli þegar kemur að greiningu, meðferð og nálgun á vandann.

Timalengd útsetningar

Í tilfelli myglu- og rakavanda virðist svo vera að timalengd útsetningar skipti máli og þá að sama skapi felst meðferð að hluta til í því að komast burt úr því húsnæði sem skapar einkennin, auk annarrar stuðningsmeðferðar og jafnvel lyfja.

Algengt er að heyra að viðkomandi líði betur um helgar eða í frí, en finni svo fljótlega aftur til einkenna við að snúa til baka. Ekki eru til neinar afgerandi rannsóknir til greiningar líkt og við þekkjum til dæmis í hálsbólgu, þar sem við greinum með skyndiprófi streptokokka. Við getum þá meðhöndlað með einföldum hætti, iðulega með sýklalyfi, en rétt greining skilar réttari meðferð og skjótum bata.

Lífið er ekki alveg svo einfalt þegar kemur að mygluvanda í húsnæði og einkennum sem fólk finnur fyrir.

Vantar enn upp á þekkingu

Hægt er að átta sig með ýmsum

leiðum á því hvort húsnæði sé í lagi eða ekki, en það er iðulega erfiðara að tengja það beint við einkenni sjúklingsins með mælanlegum aðferðum.

Þess vegna skapar það okkur ákveðinn vanda í allri umræðu og samskiptum um þetta efni, það vantar enn upp á þekkingu og nálgun en við færumst nær.

Sá eða sú sem finnur fyrir óþægindum í umhverfi sínu sem viðkomandi ekki getur skýrt vel, sérstaklega ef það innifelur í sér þau einkenni sem ég taldi upp að ofan, ætti að hafa það í huga að orsakavaldurinn geti verið húsnæði það sem hann býr og/eda vinnur í.

Fjölmargar aðrar orsakir og algengari geta skýrt það sem viðkomandi finnur fyrir en rétt er að ræða það við lækni sinn og skoða þá líka hvort aðrir í sama umhverfi finni til þess sama. Það má þó áreita að viðbragð og það hversu móttækileg við erum er mjög einstaklingsbundin.

Húðin og appelsínur?

Konur eru líklegri en karlar til að mynda appelsínuhúð. Fitufrumum og samsafni þeirra er haldið saman af kollagenþráðum sem eru bundnir við vöðvalög undir þeim. Þegar fitumagn eykst eða ef kollagenþræðir-inir dragast saman, til dæmis við hrörnun og aukinn aldur, veldur það útbungun fituvefs með „holu-myndun“ á milli sem í daglegu tali nefnist appelsínuhúð.

Þetta er ekki sjúkdómur heldur öllu fremur ástand sem flestar af ekki allar konur glíma við á lífsleiðinni og karlar að hluta til líka. Ýmsar skýringar eru taldar vera á því hvers vegna sumir fá frekar appelsínuhúð en aðrir, nægir þar að nefna ættgenga þætti, ofþyngd, hormónabreytingar, slæmt mataræði og hreyfingarleysi sem og kynþátt. Hvítar konur eru líklegri en asiskar til að mynda appelsínu-

húð svo dæmi sé tekið, en þetta er þó fyrst og fremst einstaklingsbundin.

Hégómi kvenna og markaðsleg misnotkun hans um langt skeið veldur því að sífellt fleiri vörur, meðferðir og aðferðir hafa lítið dagsins ljós í því skyni að meðhöndla appelsínuhúð. Sumir lofa meira að segja 100% árangri sem auðvitað er hreint út sagt kjánalegt. Auðvitað er þetta ekki allt gagnslaust og ég efa ekki að margir munu halda fram ágæti vöru sinnar sem eðlilegt er.

Tímabundinn árangur

Rannsóknir um ágæti einstaka þátta liggja fyrir, en árangurinn er í besta falli tímabundinn eða minniháttar. Hvort sem um er að ræða krem, dropa, nudd, bakstra, ljósamedferð, rafbylgjur, aðgerðir á hefðbundinn máta eða með frost- og lasertækni.

Helsta vörnin ef kalla má svo



Appelsínuhúð er ekki sjúkdómur heldur ástand. MYND/GETTY

gegn appelsínuhúð er að vera reglubundið í góðu líkamlegu formi og þjálfun, drekka nógvatn, passa mataræðið og þá sérstaklega fitu- og kolvetnishlutann. Megrunkúrur

og mikil hreyfing á vigtinni getur aukið líkur á appelsínuhúð og þá er auðvitað mikilvægt að drekka ekki of mikið af áfengi, kaffi né reykJa tóbak.

Hundraða milljarða iðnaður

Þegar öllu er á botninn hvolft er iðnaðurinn í kringum appelsínuhúð og hégóma kvenna mörg hundruð milljarða króna virði á ársgrundvelli um heiminn allan. Því eru miklir hagsmunir í húfi og sannfæringarmáttur auglýsinga auk reynslusagna og óstaðfests meðferðarárangurs verðmætur, hvað þá staðalmynd kvenna sem stillt er fyrir framan okkur á hverjum degi.

Þegar gefnar eru ráðleggingar varðandi skyndilausnir getur niðurstaðan aldrei orðið önnur en tímabundin. Við læknar og fagfólk sem reynum að vinna með forvarnir og almenna heilsuefingu að leiðarljósi gerum að mínu viti meira gagn gegn appelsínuhúð en við fáum lof fyrir, því heilbrigð sál í hraustum líkama er líklegri til að hafa síður minni-máttarkennd yfir líkama sínum og viðhalda líkamlegu atgervi.

WÉI

LAUGARDAGUR 15. ÁGÚST 2020

Helgin



Núvitund er ofarlega í hugum nútímamanna; að njóta hvers dags og jafnvel eins og hann sé sá síðasti. Því er ekki úr vegi að byrja nýjan dag með dýrðlegu dekri við munn og maga. ➔4



Íris Jensen, annar eigandi fjölskyldufyrirtækisins Innréttinga og tækja, hefur verið í bransanum frá blautu barnsbeini. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Nútímabaðstofa Innréttinga og tækja

Innréttingar og tæki er eitt af rótgrónustu fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu. Sagan nær aftur til ársins 1945 þegar amma Írisar stofnaði heildsöluna. Í dag er fyrirtækið ein fremsta sérværslun landsins fyrir baðherbergið. ➔2

FRÉTTIR, FÓLK &
MENNING á Hringbraut
og hringbraut.is



Fylgstu með!



Ítölsku mosaplötunarn frá Benetti Home koma þrælskemmtilega vel út inni á baðherberginu og skapa bæði náttúrulega og notalega stemningu.



Þegar blöndunartækin eru orðin að djásni, þá er gaman. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Vaskarnir frá Globo hafa slegið í gegn, enda fallegt baðherbergisstáss.

Framhald af forsiðu →

Foreldrar mínir tóku við rekstrinum 1993 og þá var áherslum breytt,“ segir Íris Jensen, sem svo tók við rekstrinum árið 2014 ásamt eiginmanni sínum Grétari Þór Grétarssyni. Fyrirtækið leggur áherslu á persónulega og góða þjónustu. „Þetta er algjört fjölskyldufyrirtæki. Maðurinn minn er í annarri vinnu, en kemur svo alltaf upp í búð að vinnudegi loknum. Og ef foreldrar mínir eru ekki á staðnum, þá eru börnin hérna. Svo bíð ég bara eftir að ömmubörnin mæti á vaktina,“ segir Íris og hlær.

Innréttingar og tæki selur í dag afar vandaða sérvöru fyrir baðherbergi. Til að mynda fást þar baðinnréttingar, sturtuklefar, hreinlætisvörur og blöndunartæki. „Við erum í raun með allt fyrir baðherbergið nema vegg- og gólfefni. Við viljum vera sérvöruverslun, en ekki þessi dæmigerða byggingavöruverslun. Við leggjum metnað okkar í vandaðar vörur og persónulega þjónustu,“ segir Íris.

Einföld leið til að poppa upp baðherbergið

Fyrirtækið er þekkt fyrir að vera með puttann á púlsinum í skemmtilegum og nýstárlegum lausnum fyrir baðherbergið. Íris bendir á að ein einfaldasta og ódýrasta leiðin til þess að poppa upp þreytt baðherbergi, sé að skipta út blöndunartækjum fyrir ný í skemmtilegum lit eða með flottri áferð. „Við höfum verið framarlega á merinni í því að bjóða upp á hvort heldur er svört og mótt blöndunartæki, eða glansandi brons- eða gulllituð. Það þarf ekki endilega að skipta út öllu í einu, handlauginni, baðkarinu

og klósettinu, þótt þú fái þér ný blöndunartæki. Munurinn kemur líka skemmtilega á óvart.“

Þessar skemmtilegu og litríku vörur segir Íris að komi mikið frá Ítalíu og Spáni. „Globo er til að mynda svakalega flott merki frá Ítalíu og þeir bjóða upp á virkilega skemmtileg lituð salerni eins og svört, brún og grá. Þessir litir eru dálítið óvæntir, en koma ótrúlega vel út. Svörtu salernin hafa líka verið vinsæl sem og pastelituð salerni. Hvítu salernin hafa svo aftur verið að koma inn upp á síðkastið, þá með mattri áferð.“

Innréttingar fyrir alla

Innréttingar og tæki býður upp á fjölbreyttar og vandaðar innréttingar fyrir fjölbreytt baðherbergi í breiddunum 60 cm til 120 cm. „Hvítar innréttingar eru sigldar og njóta alltaf vinsælda en nú er líka hæstmóðins að velja fjölbreyttara útlit á framhliðar hurða og skúffa, til dæmis gráleita hnotu eða hvíttaða eik, sem og dökkan palisander með svörtum æðum.“

Að sögn Írisar er gott að hugsa um framtíðina þegar kemur að innréttingum fyrir baðherbergi. „Þegar um ungt fólk er að ræða, sem er kannski að stofna sitt fyrsta heimili, þá þarf að hugsa fyrir ýmsu. Ef ætlunin er að eignast stæðum og gerðum baðherbergja með frábærum lausnum,“ segir Íris. ekki verið með gott skipulag og góðar hirslur þótt fermetrarnir séu ekki margir. Við mætum öllum stærðum og gerðum baðherbergja með frábærum lausnum,“ segir Íris.



Innréttingar og tæki bjóða upp á fjölbreyttar baðherbergis-innréttingar og lausnir fyrir ólíkar aðstæður. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Gala sturtubotnarnir bjóða upp á einfalda og hentuga leið til þess að setja upp stórkostlega „walk-in“ sturtu.



Svört og mótt salerni hafa verið að koma sterk inn upp á síðkastið. Þá hafa hvít og mótt salerni sótt í sig veðrið.

Ódýrasta leiðin til að poppa upp þreytt baðherbergi er að skipta út blöndunartækjum fyrir ný í óvæntum lit og flottri áferð.

ekki verið með gott skipulag og góðar hirslur þótt fermetrarnir séu ekki margir. Við mætum öllum stærðum og gerðum baðherbergja með frábærum lausnum,“ segir Íris.

Gífurlega vinsælir og endingagóðir sturtubotnar

Sturtubotnarnir frá spænska merkinu Gala eru sívinsælir enda sameinast þar gæði og fagurfræði í einni heilli flís. Botnarnir eru afar sterkbyggðir og endingagóðir úr granit/stonex/resinefni sem er borið stamri gellkvoðu sem gerir botninn að stöðugu undirlagi. Þeir

koma einnig með innbyggðum halla sem einfaldar uppsetningu til muna. Íris segir þessa botna seljast eins og heitar lummur. „Þetta á sér nú allt eðlilegar skýringar. Það er gott að vera með baðkar þegar krakkarnir eru ungir, en þegar börnin eldast og fjölskyldumeðlimir fara að keppast um baðherbergið á morgnana, þá er sturtan mun betri kostur. Það er sáraeinfalt að skipta út baðkarinu, fyrir stóran sturtubotn og gler. Þá ertu kominn með æðislega „walk-in“ sturtu með litilli fyrirhöfn.“

Mosinn birtir upp rýmið

Fyrir þá sem vilja færa náttúruna inn á baðherbergið eru mosaplötunarn frá Ítalska hönnunarfyrirtækinu Benetti Home alger bylting. „Mosaveggur gefur hið fullkomna mótvægi við stílhrein flísalögð baðherbergi og gerir allt svo miklu hlýlegra. Mosaplötunarn eru afar fallegar og fást í fjölda litu. Plötunarn sjálfar eru vistvænar

og búnar til úr léttu áli og mosinn er náttúrulegur bæði með og án laufa. Mosinn heldur sér vel og það þarf aðeins að úða efni á hann á nokkurra mánaða fresti ef rakinn er litill. Einfaldara getur það ekki verið.“

Mosaplötunarn hafa vakið gríðarlega athygli um allan heim og eru vinsældir alls ekki einskorðaðar við baðherbergin. „Plötunarn má setja upp sem stóran eða lítinn gróðurvegg eða klippa til og búa til listaverk eða lógó fyrirtækja, allt eftir því sem hver og einn vill. Mosaplötunarn eru líka eftirsóttar til að skreyta hótél og veitingastaði en þær setja mjög skemmtilegan svip á umhverfið. Svo skemmir ekki fyrir að mosinn bæti hljóðvist í stórum opnum rýmum og skapar einnig notalega stemningu,“ segir Íris.

Innréttingar og tæki eru í Ármúla 31 Sími 588 7332. Sjá nánar á i-t.is.

Ekkert jafnast á við djúpa slökun

Magnesium-olíur, krem og flögur frá Better You hafa reynst vel fyrir börn og fullorðna. Magnesium Joint hefur slegið í gegn hjá íþróttafólki og þeim sem hafa fundið fyrir óþægindum í liðum.

Magnesium er fjórða mikilvægasta steinefni líkamans og er gríðarlega mikilvægt fyrir heilsu okkar. Það kemur við sögu í yfir 300 mismunandi efnaskiptaferlum í líkamanum og getur magnesiumskortur haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér. Magnesium er nauðsynlegt til orkuframleiðslu í líkamanum ásamt því að stuðla að betri andlegri og líkamlegri heilsu.

Merki um magnesiumskort

Við fáum magnesium úr ýmsum matvælum og almennt er hægt að fá nægjanlegt magn úr fjölbreyttri eða rétt samsettri fæðu. Ef um magnesiumskort er að ræða má helst rekja hann til lélegs og rangs mataræðis, mikillar streitu, ýmissa lyfja og mikillar koffíneyslu. Einnig skolest steinefni út úr líkamanum þegar við svitnum, þannig að ef við æfum mikið þá töpum við steinefnum sem við þurfum að passa upp á að bæta upp aftur. Einkenni magnesiumskorts geta verið:

- Svefnerfiðleikar
- Sinadráttur
- Vöðvakrampi
- Aukin næmni fyrir stressi
- Síþreyta
- Orkuleysi
- Fjörfiskur

Krampar og fótaóeirð

Magnesium frá Better You er til á úðaformi, sem gel til að nudda á þreytta vöðva og sem flögur til að setja í baðið, allt eftir því hvað hentar. Magnesium sleep-kremið inniheldur auk magnesium laven-dil ilmkyrnnaolíu sem er slakandi og hentar vel fyrir svefninn, til að slaka betur á og/eða losna við fótaóeirð. Recovery er sérstaklega hannað með íþrótt- og afreksfólk í huga en það inniheldur einnig kamfóru, svartan pipar og sitrusolíur til að hraða endurheimt. Original-úðinn inniheldur hreint magnesium og hentar öllum. Nýjasta varan frá Better You er svo Magnesium Joint-úðinn sem er blanda af hreinu magnesiumklóríði sem stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi og glúkósamíni til að styðja við liðastarfsemina. Vel hefur verið tekið á móti þessari nýju vöru bæði af íþróttafólki og fólki sem á við liðverki að stríða.



Magnesium er einstaklega slakandi og róandi fyrir sál og líkama. Það slær á þreytuverki og getur linað harðsperrur, slegið á fótaóeirð og bætt svefn.



Magnesiumsalt í sérflokki

Magnesiumklóríð er ein sú ríkasta og hreinasta náttúrulega uppspretta salts sem þekkt er. Það frásogast auðveldlega og nýttist líkamanum til lengdar, sem setur þetta gæðasalt því í sérflokk. Mikil upplausn á sér stað þegar magnesium blandast vatni en það er nauðsynlegt til þess að efnasamböndin komist inn í gegnum húðlagið og út í blóðrásina. Steinefnið magnesium stuðlar m.a. að:

- Eðlilegum orkugæfum efnaskiptum
- Eðlilegri starfsemi taugakerfis
- Eðlilegri vöðvastarfsemi
- Eðlilegri prótínmyndun
- Viðhaldi eðlilegra beina og tanna
- Eðlilegri sálfræðilegri starfsemi
- Dregur úr þreytu og lúá

Slökun í heita pottinum

Magnesiumsalt er einstaklega slakandi og róandi fyrir sál og líkama. Það slær á þreytuverki og getur linað harðsperrur sem og slegið á fótapíring og bætt svefn. Magnesiumflögur eru einstaklega einfaldar í notkun. Þær koma í 1 kg pokum og eru fjölmargir farnir að nota þær í heita pottinn. Flögurnar henta einnig vel í baðið og í fóta-baðið, en húðin drekkur í sig þetta mikilvæga steinefni. Magnesiumflögurnar eru hreinasta form af magnesium sem hægt er að fá. Fyrir gott jafnvægi, er mælt með að fara í magnesiumbað tvisvar í viku til að auka og viðhalda magnesiumgildi líkamans.

Útsölastaðir: Apótek, heilsuverslanir og heilsuhillur stórmarkaða

Lífrænt RAUÐRÓFUDUFT í hylkjum

Í aldanna raðir hefur neysla á rauðrófum verið talin geta haft ýmis heilsueflandi áhrif m.a. á:

- Lækkun blóðþrýstings
- Aukið blóðflæði
- Bætta súrefnisupptöku
- Aukið úthald, þrek og orku
- Minni bólguviðbrögð
- Heilbrigðara hjarta- og æðakerfi

100% náttúrulegt án allra aukaefna - 2 hylki á dag

Nítröt í rauðrófum geta haft áhrif á blóðþrýsting. Þeir sem hafa lágan blóðþrýsting eða taka blóðþrýstingslyf ættu að ráðfæra sig við lækni áður en þeir bæta rauðrófum við mataræði sitt.



Útsölastaðir: Öll apótek, heilsuverlanir og heilsuhillur stórmarkaðanna



Rúgbrauð með reyktum laxi, hleyptum eggjum, lárperu, sítrónu og salati er holl og staðgóð máltíð og sannkallað konfekt fyrir augað. MYNDIR/GETTY

Elskað með matardekri

Núvitund er ofarlega í hugum nútímamanna; að njóta hvers dags og jafnvel eins og hann sé sá síðasti. Því er ekki úr vegi að byrja nýjan dag með dýrðlegu dekri við munn og maga.

Þórdís Lilja
Gunnarsdóttir
thordis@frettabladid.is



Leiðin að hjarta mannsins er í gegnum magann og alveg víst að uppskera bros og gleði með því að útbúa gott laugardagssnarl fyrir sjálfan sig og sína nánustu. Að vakna aðeins fyrr, laumast fram í eldhús og útbúa dýrindis morgunverð áður en aðrir vakna og sjá til þess að þeir rumski eftir góðan nætursvefn við ómótstæðilegan ilm af ristðuð brauði, spældum eggjum, beikoni, nýbökuðum lummum og nýuppáhelltu kaffi úr eldhúsinu. Svo hittir auðvitað alltaf í mark að koma færandi hendi með morgunverðarbakka í rúmið og er algjört kóngadekur.

Hugmyndir að laugardagsgóðgæti eða -snarli, eftir því hver á í hlut og hvenær dagsins það er, geta verið morgunverður sem samanstendur af spældum eggjum og ristðuð brauði með lárperu, kartöflubátum og grænmetisbuffi og svo heitri lummum með ís, banana og jarðarberjum og sirópi í eftirrött.

Ef sofið er út og farið að líða að hádegi er upplagt að útbúa fagurskreyttar brauðsneiðar með reyktum laxi og hleyptum eggjum en það eru linsóðin egg án skurnar. Þá er lítilliga saltað vatn látið sjóða en svo lækkað undir pottinum og haldið á vægri suðu. Síðan er egg brotið í bolla, hellt varlega út í sjóðandi vatnið og látið sjóða í þrjár mínútur. Þá er það tekið úr pottinum með spaða og kryddað með salti og pipar. Meðlæti með þessu gæti verið sítrónubátur, lárpera og salat.

Börn elska líka matardekur og kunna heldur betur að meta skrautlegar brauðsneiðar sem búið er að breyta í ævintýraverur eins og til dæmis fisk, sem er smurð með ljúfum rjómaosti og skreytt með jarðarberjum og bláberjum.

Þeir sem sofa allan daginn og vilja fylla mallakútinn fyrir næturbróttið af orkumiklum og bragðgóðum kosti fagna því glaðir að geta maulað kraftmikla osta, pylsur og prosciutto-skinku, ólífur, fíkjur og vínber á laugardagskvöldi.



Það er sannkölluð veisla fyrir öll skilningartitil að njóta þess að tína upp í sig litríkt og freistandi góðgæti af fallegum ostabakka með ítalskri skinku, kryddpylsur, ólífum, fíkjum, berjum og ostategundum í dálæti.



Þvílík dýrðarinnar gjöf er það að gleðja með fallegu morgunverðarborði með kosti sem byggir upp fyrir daginn.

FYRIRTÆKJAFJÓNUSTA

Sérblað um fyrirtæki sem þjónusta önnur fyrirtæki kemur út miðvikudaginn 19. ágúst.

Í þessu blaði geta fyrirtæki eða einstaklingar kynnt sína þjónustu í formi kynningar eða með hefðbundinni auglýsingu.

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson, markaðsfulltrúa Fréttablaðsins.
Netfang: jonivar@frettabladid.is – Beinn sími: 550-5654



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Netverslanir

LAUGARDAGUR 15. ÁGÚST 2020

Kynningar: Heimkaup.is, Samkaup, Stefna, Mi Iceland



Guðmundur Magnason framkvæmdastjóri er eins og annað starfsfólk Heimkaup.is með hanska og grímu þegar gengið er frá innkaupum til útkeyrslu til viðskiptavina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Viðskiptavinir okkar fegnir að sleppa við búðarferðina

Heimkaup er eina netverslunin sem starfar eingöngu á netinu. Samanborið við aðrar matvöruverslanir, þar sem bæði viðskiptavinir og birgjar koma, er Heimkaup.is í einstakri aðstöðu til að tryggja öryggi starfsmanna og viðskiptavina. Sífelld fleiri kjósa að kaupa í matinn á netinu. ➔2



Allir bílstjórar Heimkaup.is eru með hanska og grímur þegar þeir koma færandi hendi með vörurnar heim og skipta um grímu og hanska eftir hverja einustu þöntun sem afhent er.

Framhald af forsiðu →

Víð urðum strax vör við mikla aukningu nú þegar önnur bylgja faraldursins gerði vart við sig," segir Guðmundur Magnason, framkvæmdastjóri Heimkaup.is. „Auðvitað eru margir í sóttkví og fara þess vegna ekkert úr húsi, en svo eru greinilega margir sem vilja einfaldlega versla heima.“

Allir með hanska og grímur

Hjá Heimkaup er allt gert til að tryggja öryggi viðskiptavina. „Auk þess að vera með grímur, skipta bílstjórar okkar um hanska eftir hverja einustu þöntun sem er afhent. Sama er að segja um starfsfólk í vöruhúsi. Þar eru allir með hanska og grímur,“ upplýsir Guðmundur.

Bestu skiptir að allar vörur eru afgreiddar úr vöruhúsi Heimkaup.is.

„Þangað koma hvorki viðskiptavinir né birgjar. Lykillinn er að geta haft betri stjórn á umhverfinu og það getur verið erfitt í hefðbundnum verslunum þar sem mikill fjöldi viðskiptavina, sem fer misjafnlega varlega, kemur við sögu,“ segir Guðmundur.

Margir komust á bragðið í vor

Vöxtur í sölu matvöru á netinu hefur verið gríðarlegur í ár og þar hefur COVID-19 haft sitt að segja. „Við höfum séð stöðuga fjölgun viðskiptavina sem versla í matinn á vefnum síðan við byrjunum í byrjun árs 2019, en svo komust greinilega margir á bragðið í faraldrinum í vor. Það sem er skemmtilegt er að stór hluti þessara viðskiptavina hefur haldið áfram að versla í matinn á netinu,“ segir Guðmundur og bendir á aðra athyglisverða staðreynd:

„Hún er sú að þetta er ekki bara unga fólk. Þannig fór meðalaldur nýrra viðskiptavina frá 36 árum í janúar upp í 45 ár í mars og elstu nýskráðu viðskiptavinirnir þegar COVID-19 stóð sem hæst voru á níraðisaldri,“ upplýsir Guðmundur.

Mikið úrval tilbúinna rétta

Eins og Fréttablaðið sagði frá í



Heimkaup.is setur allt hráefni í uppskriftina í körfuna með einum smelli.

vor býður Heimkaup.is upp á að setja allt hráefni í uppskriftina í körfuna með einum smelli.

„Nú höfum við tekið þetta skrefinu lengra með auknu úrvali tilbúinna rétta. Þetta gerum við til að koma til móts við viðskiptavinum okkar sem vilja borða hollan mat en hafa lítinn tíma til að sinna

eldamenskunni, eða vilja verja tíma sínum í annað en að kaupa í matinn og elda, til dæmis gæðastundir með fjölskyldunni,“ segir Guðmundur.

Fyrir þá sem eru á sérþæði

Annar hópur sem Guðmundur í Heimkaup.is sér að nýttir sér til-

“Nú höfum við tekið þetta skrefinu lengra með auknu úrvali tilbúinna rétta. Það gerum við til að koma til móts við viðskiptavinum okkar sem vilja borða hollan mat en hafa lítinn tíma til að sinna eldamenskunni.

þínu réttina eru þeir sem eru á sérþæði.

„Það er ekki óalengt að einn fjölskyldumeðlimurinn sé á ketó, annar er vegan og sá þriðji væri til í eitthvað sem hinum tveimur hentar ekki. Þá er frábært að geta keypt þrjá tilbúna rétti og allir fá sitt. Svo eru það allir sem búa einir og þá getur hreinlega verið skynsamlegt að kaupa tilbúinn mat öðru hvoru.“

Margir komust á bragðið með að versla matvöru á netinu í COVID-19 faraldrinum í vor og segir Guðmundur að stór hluti viðskiptavinnanna hafi haldið áfram að versla í matinn á netinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Rafbækur umhverfisvænni

Það er ekki aðeins mikil aukning í kaupum á matvöru hjá Heimkaup.is heldur hefur sala rafbóka tekið mikið stökk.

„Sala á háskólabókum á rafrænu formi hefur aukist ár frá ári, en nú sjáum við að salan er að aukast mun meira en undanfarin ár. Þetta er án nokkurs vafa önnur birtingarmynd faraldursins,“ segir Guðmundur.

Fólk sé í fjarnámi og trúlega ekki eins hrifnið af því að handfjatla notaðar bækur skiptibókamarkaðanna og áður.

„Nemendur og kennarar eru að uppgötva kosti þess að vera alltaf með nýjustu útgáfu bókanna, að geta deilt glósum með samnemendum og svo framvegis. Rafbækur eru líka umhverfisvænni en þær sem eru á pappír og við því jafnvel enn ánægðari með þessa þróun en ella.“

Skoðuðu úrvalið og gerðu innkaupin á heimkaup.is

Ánægja með netverslun Nettó

Netverslun Nettó er tilbúin fyrir aukningu í sölu á matvöru. Hún hefur verið eflað á árinu og viðskiptavinir eru ánægðir með upplifunina, sem á að vera svipuð því að fara í hefðbundna verslun.

Nettó hafði verið að byggja upp netverslun sína þegar heimsfaraldurinn hófst en var samt ekki tilbúin fyrir sprenginguna sem varð í eftirspurn eftir matvöru á netinu. En með breyttu verklagi, uppfærslum á vefnum og nýju tinsluhúsi (e. darkstore) hefur tekist að margfalda afköstin og standa undir eftirspurn, á sama tíma og umhverfisáhrif eru takmörkuð. Fyrir vikið eru viðskiptavinir mjög ánægðir.

„Þegar faraldurinn hófst höfðum við verið á þeirri vegferð að byggja netverslunina upp jafnt og þétt og það gekk vel, hún var í stöðugum vexti og við vorum búin að innleiða netverslun Nettó alls staðar þar sem við vorum með verslanir,“ segir Gunnar Egill Sigurðsson, framkvæmdastjóri verslunarsviðs.

„Faraldurinn gerði það svo að verkum að við fengum mikið af nýjum viðskiptavinum og sala á matvöru fór í ævintýralegar hæðir. Við vorum tæknilega séð ekki tilbúin fyrir þessa holskeflu, en þegar faraldurinn stóð sem hæst fórum við í að standsetja nýtt 2.000 fermetra tinsluhús fyrir vörur, sem gekk vel og er komið í fullan rekstur. Í maí náði netverslunin svo jafnvægi, eftir að létt var á takmörkunum. Í upphafi COVID-19 faraldursins spáðum við því að við myndum sjá breytta kauphegðun til framtíðar. Fyrirsjáanlegt var að ekki myndu allir neytendur breyta sinni hegðun, en við sjáum nú að hlutfall þeirra sem versla á netinu núna er um þrefalt hærra en áður.“

Yfir sumarið er eðlilegt að sjá netverslun með matvöru taka smá niðursveiflu, því fólk er meira á ferðinni og meira úti,“ segir Gunnar. „En við sáum það svo strax í seinustu viku að þróunin er að verða nákvæmlega eins og á fyrstu dögum faraldursins í byrjun og um miðjan mars. Þannig að núna sjáum við fram á þreföldun eða fjórföldun milli vikna. Það er greinilegt að sala á matvöru gegnum netið á Íslandi er komin til að vera, þetta er bara spurning um hversu stórt hlutfallið verður.“

Bætt þjónusta og aukin ánægja

„Við sjáum mikla eftirspurn eftir bæði heimsendingu, og að panta og sækja. Þetta gerist hraðast á stærri þéttbýlisstöðum eins og Akureyri, Suðurnesjum og Reykjavík,“ segir Gunnar. „En munurinn er að núna er verklagið hjá okkur betra, eftir eldskírni síðast og flottar ábendingar viðskiptavina okkar. Við ráðum við fleiri pantanir á dag en við gerðum áður og teljum okkur betur undirbúin. Bæði tæknilega, vegna uppfærslu á síðunni sem hefur aukin hraða og úrval, og líka vegna verklags starfsfólks okkar.“

Ástæðan fyrir því að fólk kaupir mat á netinu er fyrst og fremst þægindi og tímasparnaður og við vorum að fá niðurstöður viðhorfskönnunar sem var gerð meðal viðskiptavina okkar í júlí sem sýnir að fólk er mjög ánægt með þjónustuna okkar,“ segir Gunnar. „Ánægjustuðullinn (Net promoter score – NPS) er samkvæmt öllum mælikvörðum mjög hár, eða rúmlega +50, en algengt er að fyrirtæki skori á bilinu -10 og +10.“

Eldri vörur á afslætti

„Við höfum líka vandað okkur þegar kemur að umhverfismálum. Fólk er dálítið einbeittara í verslun á netinu og kaupir frekar það sem var ákveðið fyrir fram og það leiðir



Þetta línurit sýnir þróunina sem hefur orðið á sölnunni í netverslun Nettó.

Við ráðum við fleiri pantanir á dag en við gerðum áður og teljum okkur betur undirbúin.

til minni sóunar. Við höfum einnig innleitt fjölnota burðarpoka og pappírspoka í netversluninni,“ segir Gunnar.

„Við höfum líka séð að fólk hefur ólíkar væntingar til dagstimpla á vörum, til dæmis ef það er að

kaupa kjöt. Fólk er kannski vant því að kaupa kjöt sem endist í viku en svo kemur það heimsent og þá eru bara 4-5 dagar eftir. Til að minnka sóun höfum við innleitt ákveðið verklag í netversluninni sem við innleiddum í verslanir okkar árið 2015. Við seljum vörur á stigvaxandi afslætti eftir því hversu nálægt þær eru síðasta söludegi. Við bjóðum upp á 20%, 30% eða 50% afslátt, eftir því hver líftíminn er.

Það eru margir mjög ánægðir með þessa þjónustu og nýta sér hana. Þetta minnkar sóun og gerir upplifunina á netinu jafngóða og í verslunum, sem er eitthvað sem við erum alltaf að leitast eftir,“ segir Gunnar.

Gunnar segir að eftirspurn eftir matvöru á netinu sé að aukast, en netverslun Nettó sé á ýmsan hátt vel í stakk búin til að mæta eftirspurninni og álaginu, því margt hafi lært af álags-toppnum sem varð í byrjun faraldursins.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Hófsöm netverslun veldur velliðan

Eins og öll önnur hegðun sem getur látið fólki liða vel, getur netverslun orðið árátukennd og óheilbrigð. Það er mikilvægt að geta borið kennsl á vandamálið og bregðast við ef þörf er á.

Oddur Freyr Þorsteinsson

oddufreyr@frettabladid.is



Faraldurinn og allt sem honum fylgir hefur haft neikvæð áhrif á andlega heilsu margra. Eitt af því sem fólk nýtir til að láta sér liða betur er að versla á netinu, ekki síst þar sem fólk getur ekki verslað eins og það var vant áður fyrr.

Það er ekkert að því í réttum skömmtum, en stundum verður þetta að vana sem er erfitt að losa sig við. Í nýrri grein eftir sálfræðingana Melissu Nordberg og Jonathan David frá Macquarie-háskóla í Sydney, sem birtist á vefnum The Conversation, er útskýrt hvenær netverslun er orðin vandamál og hvað er þá til ráða.

Að þekkja vandann

Sálfræðingarnir segja að það séu að minnsta kosti þrjú skilyrði sem hegðun þarf að uppfylla til að vera fíkn.

Hún þarf að vera augljóslega óhófleg miðað við samhengið. Hún veldur töluverðu álagi eða erfiðleikum fyrir einstaklinginn eða mikilvægt fólk í lífi hans. Hún heldur áfram þrátt fyrir að hún sé ekki gefandi.

Netverslun gæti verið árátukennd ef einstaklingur gerir eftirfarandi:

Eyðir miklum tíma í að versla. Kaupir meira en þörf er á. Finnst erfitt að hætta, jafnvel þrátt fyrir að hafa sjaldan ánægju af því sem er keypt.

Sambands- og fjárhagsörðugleikar eru líka góðar vísbendingar um að netverslun sé orðin vandamál.

Sumir geta lent í vandræðum með netverslun einfaldlega vegna þess að þeir eyða of miklum tíma í að skoða netverslanir. Þá er



Þó að netverslun hafi marga góða kosti, getur hún samt orðið að vandamáli fyrir suma. MYND/GETTY

ástæða til að hugsa sig um og kannski þarf að bregðast við.

Eðlileg viðbrögð við óeðlilegum aðstæðum

Nordberg segir að rannsóknir hennar gefi til kynna að kaupárátta geti tengst því að ráða ekki við vanliðan og þegar fólk reynir að bæta upp fyrir sálfræðilegar þarfir sem eru ekki uppfylltar. Fólk snýr sér líka stundum að vörum til að hugga sig þegar því finnst það ekki fá stuðning frá ástvinum.

Það er því engin furða að þessi hegðun aukist í heimsfaraldri, þegar það verða stórvægilegar breytingar á öllu lífinu, oft til hins verra, á sama tíma og það hefur orðið sprenging í netverslun.

Hvað er til ráða?

Það fyrsta sem er gott að skoða hvað það er sem kemur þessari

» **Kaupárátta getur tengst því að ráða ekki við vanliðan og þegar fólk reynir að bæta upp fyrir sálfræðilegar þarfir sem eru ekki uppfylltar. Fólk snýr sér líka stundum að vörum til að hugga sig þegar því finnst það ekki fá stuðning frá ástvinum.**

hegðun af stað. Er hún tilraun til að liða betur með sig eða losna við neikvæðar tilfinningar? Eða kemur hún fram á einhverjum ákveðnum tíma dags eða í ákveðnum aðstæðum? Sefurðu illa eða borðar óhollt? Það gæti gert erfiða upplifun- enn erfiðari.

Svo þarf að finna betri leiðir til að bregðast við undirrót hegðunarinnar. Það þarf að æfa sig í að bera kennsl á hvötina til að stunda neikvæða hegðun þegar hún kemur og venjast þeirri tilfinningu, svo það sé hægt að bregðast við henni á uppbyggilegri hátt. Það leiðir til betri niðurstöðu að geta þolað neikvæðar tilfinningar og brugðist við þeim á sveigjanlegan máta.

Það er líka gott að dreifa huganum frá neikvæðum tilfinningum með því að spjalla við vin, gera eitthvað róandi eins og að fara í bað eða gönguferð, stunda

líkamsrækt eða sinna áhugamáli.

Þegar búið er að finna aðra hluti til að gera, er hægt að skipuleggja dagana sína þannig að fólk liði eins og það hafi aukna stjórn á lífinu og hafi minni tíma fyrir netverslun. Það er gott að fylgjast með kauphegðun sinni, setja sér markmið og verðlauna sig þegar þeim er náð.

Svo er hægt að gera innkaupalista og halda sig við þá, setja sér tímamörk í netverslunum, eyða bara ákveðinni upphæð á netinu og kaupa aldrei hluti á afborgunum eða með kreditkortu svo maður eyði bara peningum sem maður á.

Rannsóknir sýna að þessar aðferðir geta hjálpað fólki með kaupárátta, en ef einhver á í alvarlegum vandræðum með hana, er um að gera að hafa samband við sérfræðing. Það gæti verið góð byrjun að ræða við heimilislækni.

Allt til að stjarna við snjalltækin

Mi Iceland er viðurkenndur endursölu- og dreifingaraðili á Íslandi fyrir kínverska snjalltækjaframleiðandann Xiaomi. Xiaomi, einnig þekkt sem Mi, er einn stærsti raftækjaframleiðandi í heiminum í dag.

Vöruúrval Mi er nær endalaust en sem dæmi má nefna farsíma, rafmagnsfarar-tæki, snjallúr, heimabíó, sjónvörp, skjávarpa, ryksugur, þvottavélar, öryggiskerfi og allt þar á milli.

„Mi Electric Scooter-rafskúturnar hafa verið gífurlega vinsælar undanfarið og náð nýjum hæðum í sumar. Þrátt fyrir vinsældir rafskútanna gefa til dæmis farsímar Mi og ryksuguvélmennin ekkert eftir, en Mi-merkið hefur hitt heimsbyggðina í hjartastað með frábærum og fjölbreyttum vörum,“ segir Aron Páll Gylfason, rekstrarstjóri Mi Iceland.

Mi Iceland er með verslun í Síðumúla 23 ásamt vinsælli vefverslun á mii.is.


„Við erum nýbúin að setja í loftið nýja og uppferða vefverslun, sem er ekki bara flottari í útliti heldur er hún orðin mun notendavænni og bætir upplifun viðskiptavina. Breytingarnar hafa farið vel í viðskiptavini okkar sem njóta þess að skoða vöruúrvalið og versla beint af netinu,“ upplýsir Aron Páll.

”Mi-merkið hefur hitt heimsbyggðina í hjartastað með frábærum vörum.“

Það er ævintýri að skoða vöruúrvalið hjá Mi Iceland.

„Við erum með landsins mesta úrval aukahluta fyrir rafskútur og rafhjól, allt mögulegt fyrir snjallheimilið, og í dótakassanum er hægt að finna ótalmargt spennandi fyrir daglegt líf, svo sem róbóta, populele-útgáfu af hljóðfærinu ukulele, dróna, myndavélar, snjall- og heilsuúr og sitthvað fyrir bilinn. Þá er sannlega hægt að stjarna við símann sinn hjá okkur því við erum með skjávarnir og hulstur í öllum regnbogans litum,“ segir Aron Páll og sjón er sögu rikari.

Mi Iceland er í Síðumúla 23, gengið inn baka til. Opíð virka daga frá 11 til 17. Sjá nánar á mii.is.



Aron Páll Gylfason er rekstrarstjóri hjá Mi Iceland. Þangað er ævintýri að koma. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

SÉRFRÆÐINGUR Á SVIÐI FRAMTÍÐARVINNUMARKAÐAR



BSRB óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa. Um er að ræða nýtt og spennandi starf þar sem meginverkefnið verður að vinna að stefnumótun BSRB í menntamálum til dæmis varðandi framtíðarvinnumarkaðinn og fjórðu iðnbyltinguna.

Starfið er tímabundið til 1. október 2021. Það heyrir undir framkvæmdastjóra BSRB og krefst samvinnu við aðra sérfræðinga á skrifstofu bandalagsins auk samskipta við aðildarfélag þess.

Sérfræðingurinn annast greiningar, safnar saman og tryggir gott aðgengi að upplýsingum um hvaða breytingar kunni að verða á störfum félagsmanna aðildarféлага BSRB ásamt upplýsingum um fræðslustofnanir aðildarfélaganna og vinnumarkaðarins sem leggur grunn að stefnumótun BSRB þegar kemur að starfs- og símenntun, framhaldsfræðslu og framtíðarvinnumarkaðnum.

Starfssvið:

- Verkefni á sviði framtíðarvinnumarkaðar og menntamála.
- Greining á fræðslumálum og framtíðarvinnumarkaðnum.
- Samskipti við aðila vinnumarkaðarins og umsagnir um þingmál í samráði við formann og framkvæmdastjóra.
- Fræðsla, ráðgjöf og almenn upplýsingamiðlun um menntamál.
- Seta í ýmsum nefndum og ráðum samkvæmt ákvörðun stjórnar BSRB.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Þekking og/eða reynsla af menntamálum og vinnumarkaðsmálum.
- Þekking á starfsemi félagsamtaka og málefnum stéttarféлага er kostur.
- Greiningarhæfni og gott vald á framsetningu upplýsinga.
- Góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til tjáningar í ræðu og riti.
- Góð samskiptahæfni og færni til að taka þátt í teymisvinnu.
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í starfi.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Umsóknarfrestur er til og með 23. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á www.alfred.is.

BSRB var stofnað 14. febrúar 1942 og eru stærstu samtök opinberra starfsmanna á Íslandi. Aðildarfélag bandalagsins eru 23 talsins og er fjöldi félagsmanna um 22.000. Um tveir þriðju félagsmanna eru konur.

Hlutverk BSRB er m.a. að þjónusta aðildarfélag bandalagsins og gæta hagsmuna þeirra og félagsmanna þeirra gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum. Þá er það hlutverk bandalagsins að stuðla að bættu velferðarsamfélagi.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferlisskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veitir Auður Bjarnadóttir (audur@lidsauki.is).

Sviðsstjóri fjármálasviðs



Félagsbústaðir leita að öflugum einstaklingi í fjölbreytt og krefjandi starf sviðsstjóra fjármálasviðs. Fjármálasvið ber ábyrgð á fjármálagreiningu, fjárfstjórnun, fjárhagsgreiningum ásamt gerð og eftirfylgni fjárhagsáætlana.

Helstu verkefni:

- Ábyrgð á rekstri, stjórnun og eftirfylgni með verkefnum sviðsins
- Umsjón og ábyrgð á gerð fjárhags- og rekstraráætlana og eftirfylgni með þeim
- Umsjón með fjármögnun og áhættustýringu
- Umsjón með vinnslu fjármálagreininga til stjórnenda
- Greiningarvinna og gerð rekstraryfirlita
- Ábyrgð á vinnslu milliuppgjöra og ársuppgjörs
- Innra kostnaðareftirlit og gerð verkferla
- Þróun fjármálagreininga upplýsingatæknikerfa
- Þátttaka í stefnumótun

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistaragráða í viðskipta- eða hagfræði er skilyrði
- Haldgóð reynsla af fjármálastjórnun og stjórnun teyma
- Reynsla og þekking á áætlanagerð og uppgjörum, greiningu og framsetningu fjármálaupplýsinga
- Þekking og reynsla í fjármögnun og lánaumsýslu
- Framúrskarandi samskiptafærni, samvinnuhæfileikar og þjónustulund
- Skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Lausnamiðuð hugsun og nákvæm vinnubrögð
- Mjög góð tölvukunnátta

Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferlisskrá og kynningarbréf, þar sem gerð er grein fyrir hæfni umsækjenda sem nýtist í starfi. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni.

Félagsbústaðir er öflugt og traust þjónustufyrirtæki á leigumarkaði með yfir 2.800 íbúðir til útleigu í Reykjavík.

Á skrifstofu félagsins starfa að jafnaði 25 manns í anda gilda um samvinnu, virðingu og góða þjónustu.

Félagsbústaðir er sjálfstætt hlutafélag í eigu Reykjavíkurborgar og eru í hópi framúrskarandi fyrirtækja á Íslandi 2019.

Nánari upplýsingar um Félagsbústaði má finna á www.felagsbustadir.is

Lögfræðingur



RÍKISKAUP

Ríkiskaup óska eftir að ráða öflugan lögfræðing í fjölbreytt, spennandi og krefjandi starf á lögfræðisviði

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Ráðgjöf vegna opinberra innkaupa
- Greining og úrlausn lögfræðilegra álitaefna
- Samningagerð
- Greinargerðir vegna kærumála
- Fræðsla og miðlun upplýsinga
- Stefnumótandi áætlanagerðir
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistara- eða fullnaðarpróf í lögum. Lögmannsréttindi er kostur
- Að lágmarki þriggja ára starfsreynsla í opinberum innkaupum á s.l. fimm árum eða opinber innkaup hafa verið námsefni á meistarastigi
- Reynsla og þekking á sviði samningaréttar og samningaviðræðna
- Þekking og reynsla í opinberri stjórnsýslu og geta til að svara erindum á grundvelli upplýsinga-, stjórnsýslu-, starfsmanna- og persónuverndarlaga
- Afburðahæfni í samskiptum og í lausn ágreinings
- Frumkvæði, sjálfstæði og hæfni til að starfa undir álagi
- Skipulagshæfni, öguð og nákvæm vinnubrögð
- Mjög gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti

Ríkiskaup er ráðgjafar- og þjónustustofnun sem veitir opinberum aðilum ráðgjöf við samningsgerð og innkaupaferla á sviði laga um opinber innkaup.

Ríkiskaup annast framkvæmd útboða, innkaupa, rammamanna og eignasölu fyrir ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki.

Ríkiskaup leggja metnað sinn í að ætíð séu við störf vel þjálfðir og hæfir starfsmenn sem sinna starfi sínu af fagmennsku, alúð og ánægju.

Ríkiskaup eru eftirsóttur vinnustaður fyrir metnaðarfulla einstaklinga með menntun, reynslu og hæfni til að takast á við áhugaverð og krefjandi verkefni.

Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á www.rikiskaup.is

Launakjör eru samkvæmt samningum fjármála- og efnahagsráðuneytisins og viðkomandi stéttarfélags. Umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni.

Nánari upplýsingar:

Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is)
Hafdis Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is)

Umsóknarfrestur er til og með 27.08.2020
Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Verkefnastjóri - hugbúnaðarþróun



Þula - Norrænt hugvit ehf. óskar eftir að ráða reyndan verkefnastjóra í nýtt starf. Um er að ræða lykilhutverk hjá fyrirtækinu og mun viðkomandi vinna þvert á fyrirtækið með starfsstöð á Akureyri.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Skipulagning verkefna og áætlanagerð
- Umsjón og eftirfylgni með stöðu verkefna
- Dagleg samræming vinnu 20 forritara og hugbúnaðarþrófara sem staðsettir eru á Akureyri og erlendis
- Önnur verkefni sem tengjast starfinu, t.d samskipti við lykilverkefnastjórn

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði tölvunar-, verkfræði eða sambærileg menntun
- Árangursrík starfsreynsla úr sambærilegu starfi
- Leiðtogaþæfni, framúrskandi skipulags- og samskiptaþæfni
- Þekking og reynsla á Agile og Jira er nauðsynleg
- Reynsla af vinnu í gæðakerfum t.d ISO 9001/27001 er mikill kostur
- Góð enskukunnátta

Einstakt tækifæri í boði fyrir réttan einstakling

Umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir hæfni umsækjenda sem nýtist í starfi. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni.

Þula ehf. er 10 ára hugbúnaðarfyrirtæki þar sem starfa um 30 sérfræðingar í upplýsingatækni á heilbrigðislausnasviði.

Markmið Þulu er að bjóða heilbrigðisgeiranum fyrsta flokks hugbúnaðarlausnir sem byggja á yfirgripsmikilli sérþekkingu og margra ára farsælli reynslu af útfærslu krefjandi verkefna. Megináhersla félagsins er á smíði hugbúnaðarlausna sem gegna lykilhutverki við meðhöndlun lyfja á heilbrigðisstofnunum.

Lausnir okkar eru þróaðar í nánun samstarfi við kröfuharða viðskiptavini. Í yfir 20 ár höfum við unnið með heilbrigðisstofnunum víða í Evrópu og þróað með þeim framsæknar lausnir sem gera þeim kleift að ná árangri á sínu sviði.

Sjá nánar um fyrirtækið á www.thula.is

Nánari upplýsingar:

Torfi Markússon (torfi@intellecta.is)
eða í síma 511-1225

Umsóknarfrestur er til og með 26.08.2020
Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Skurðhjúkrunar- eða hjúkrunar- fræðingur

LæknaHúsið ehf. Domus Medica auglýsir eftir skurðhjúkrunarfræðingi eða hjúkrunarfræðingi með reynslu af bráðasviði í 50% starf.

Um er að ræða fjölbreytt starf í skemmtilegu og líflegu starfsumhverfi. Við leitum af einstaklingi með íslenskt hjúkrunarleyfi, mikinn faglegan metnað og góða hæfni í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar um starfið gefur Guðný María í síma 563-1060. Umsókn sendist ásamt náms- og starfsferilsskrá á: domusmedica@domusmedica.is

Umsóknarfrestur er til og með 26. ágúst nk.

LæknaHúsið er 37 ára gamalt fyrirtæki þar sem framkvæmdar eru almennar, lýta-, æða-, og þvagfæraskurðaðgerðir og hjá því starfar einvala lið starfsfólks og lækna.

LÆKNAHÚSIÐ
EGILSGÖTU 3, 101 REYKJAVÍK. SÍMI 563 1060. LAEKNAHUSID.IS

Spennandi störf í líftækniönaði

Vegna aukinna umsvifa á Íslandi og á erlendum mörkuðum leitar Zymetech ehf. að starfsfólki.

Umsjónarmaður Cryotin verksmiðju

Zymetech leitar að starfsmanni í Cryotin verksmiðju fyrirtækisins. Cryotin er ensímblanda sem unnin er úr Atlantshafsporski. Zymetech hefur fjárfest í nýjum tækjabúnaði sem settur verður upp í verksmiðjunni á komandi vetri. Við leitum að ábyrgum, samviskusömum og sjálfstæðum einstaklingi sem mun hafa umsjón með verksmiðjunni að lokinni þjálfun.

Umsækjandi þarf að uppfylla eftirfarandi:

- Menntun á sviði líftækni, matvæla eða matvælaframleiðslu, svo sem mjólkurfræði, matvælafræði eða sambærilegt
- Reynsla í framleiðslu matvæla, heilsuvara og/eða lyfja undir stýrðum verkferlum og/eða gæðakerfum er kostur
- Skilningur á örverumengun og þrifaferlum
- Áhugi á tækni og færni í notkun tölvubúnaðar er kostur
- Agi og nákvæmni í vinnubrögðum
- Góðir samskiptahæfileikar og gott vald á enskri tungu og rituðu máli
- Færni í að starfa í, byggja upp og leiða teymi

Starfsmaður í ensímhreinsun og gæðaeftirlit

Zymetech leitar að starfsmanni í framleiðslu á ensímum (Penzyme®) sem notuð eru í lækningatæki og snyrtivörur. Um er að ræða starf í teymi starfsmanna sem sinna hvort tveggja hreinsun á ensímum og gæðaeftirliti (*quality control*). Við leitum að ábyrgum, samviskusömum og sjálfstæðum einstaklingi sem verður hluti af framleiðsluteymi fyrirtækisins.

Umsækjandi þarf að uppfylla eftirfarandi:

- Háskólamenntun á sviði líftækni, lyfjafræði, efnafræði eða sambærilegt
- Reynsla af framleiðslu lyfja og/eða vinnu á rannsóknarstofu á sviði líftækni er kostur
- Þekking á GMP framleiðsluumhverfi og/eða GLP rannsóknarvinnu er kostur
- Agi og nákvæmni í vinnubrögðum
- Góðir samskiptahæfileikar og gott vald á enskri tungu og rituðu máli
- Færni í að starfa í teymi

Umsókn þarf að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf, þar sem gerð er grein fyrir hæfni umsækjenda sem nýtist í starfi. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni.



Í boði eru áhugaverð framtíðarstörf hjá litlu og framsæknu líftækniyrirtæki í skemmtilegu starfsumhverfi sem starfar þétt með móðurfélagi sínu í Svíþjóð og á alþjóðamarkaði.

Zymetech var stofnað árið 1999 og hefur sérhæft sig í rannsóknum á virkni þorskensíma og framleiðslu á ensímum. Ensímin eru notuð í lækningatæki og snyrtivörur sem fyrirtækin þróa og selja.

Zymetech ehf. sameinaðist sænska líftækniyrirtækinu Enzymatica AB árið 2016 en síðarnefnda fyrirtækið er skráð á Nasdaq First North hlutabréfamarkaðinn í Stokkhólmi. Dæmi um vörur fyrirtækjanna eru PENZIM húðáburðurinn sem seldur er á Íslandi og PreCold® munnúði gegn kvefi. PreCold® (einnig kallað ColdZyme®) er nú selt víðsvegar um Evrópu og Asíu.

Zymetech ehf. er staðsett í líflegu umhverfi á Grandanum í Reykjavík.

Nánari upplýsingar um fyrirtækin má nálgast á:

www.zymetech.is og
www.enzymatica.com

Nánari upplýsingar:
Torfi Markússon (torfi@intellecta.is)
Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is)

Umsóknarfrestur er til og með 24. ágúst 2020
Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Full(ur) af hugmyndum um fræðslu?

- SPENNANDI STÖRF -

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. óskar eftir að ráða skapandi einstaklinga í störf á sviði þróunar í fullorðinsfræðslu.

Við leitum að jákvæðum og lausnamiðuðum einstaklingum sem hafa:

- Brennandi áhuga á fræðslu og þjálfun fullorðinna á vinnumarkaði.
- Hausinn fullan af hugmyndum og getu til að útskýra þær.
- Menntun og reynslu sem nýtist í starfi.
- Reynslu af verkefnastjórnun.
- Reynslu af fræðslumálum og almennu atvinnulífi.
- Reynslu af því að vinna undir álagi og í hópi.
- Hæfni í samskiptum og finnst þau skemmtileg og auðveld.
- Hæfni í íslensku, ensku og einu norðurlandamáli.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Fræðslumiðstöðvarinnar www.frae.is
Umsóknir sendist á frae@frae.is fyrir 25. ágúst nk.

Fullum trúnaði heitið við meðferð umsókna og öllum umsóknum verður svarað.

Hlutverk Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er að vera þróunar- og sérfræðisetur aðila vinnumarkaðarins um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði í samstarfi við fræðsluaðila. Hjá FA vinna nú 17 starfsmenn sem sinna ráðgjöf og smíði verkfæra á sviði fullorðinsfræðslu.

Markmið Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er að veita starfsmönnum á vinnumarkaði, sem ekki hafa lokið prófi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afa sér menntun eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði og auka þar með samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.



Hákur 08.20



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Verkefnastjóri á sviði sérkennslu og stuðnings í grunnskólum

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu verkefnastjóra á sviði sérkennslu og stuðnings í grunnskólum lausa til umsóknar.

Verkefnastjóri starfar á fagskrifstofu grunnskólamála þar sem m.a. er unnið að undirbúningi stefnumörkunar fyrir skóla- og frístundastarf, þróun faglegra starfshátta í grunnskólum og símenntun kennara. Hann tekur þátt í mati á skólastarfi, stjórnun og þátttöku í starfshópum, veitir upplýsingar og ráðgjöf til stjórnenda og foreldra varðandi stuðning og sérkennslu í skóla fyrir alla og hefur umsjón með úthlutun fjármagns til grunnskóla vegna þjónustu við nemendur sem þurfa sérstakan stuðning í skólastarfi. Verkefnastjóri vinnur einnig í nánun samstarfi við stjórnendur sérúrræða í borginni.

Skóla- og frístundasvið veitir börnum og fjölskyldum í borginni heildstæða þjónustu og annast m.a. rekstur 36 grunnskóla, 62 leikskóla og 5 frístundamiðstöðva.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Umsjón með verkefnum sem snerta stuðning og sérkennslu í almennum grunnskólum fyrir alla, sérdeildum og sérskólum, vinnsla reglna og verkferla og svörun erinda sem varða málaflökkin.
- Umsjón með úthlutun fjármagns til málaflökksins í samvinnu við sérfræðinga fjármálaþjónustu sviðsins.
- Ráðgjöf og svörun fyrirspurna frá stjórnendum og foreldrum varðandi málaflökkin.
- Umsjón með fagráði sérhæfðra sérdeilda, þátttaka í starfshópum varðandi málaflökkin og fulltrúi sviðsins í inntökuteyrum sérskóla.
- Skipulag og umsjón með fræðslufundum fyrir sérkennara og þátttaka í ytra mati á skólastarfi.
- Samstarf við stofnanir á vegum borgarinnar, s.s. skólaþjónustu og Barnavernd, og við aðra aðila sem sinna málaflöknum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Kennaramenntun, leyfisbréf grunnskólakennara og meistaraþróf á sviði sérkennslu eða sambærileg framhaldsmenntun.
- Víðtæk reynsla og þekking á störfum í grunnskólum með börnum sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda.
- Góð þekking á hugmyndafræði skóla án aðgreiningar fyrir alla, réttindum barna, lagaumhverfi grunnskóla og opinberri stjórnsýslu.
- Reynsla af verkefnastjórnun og ráðgjöf vegna stuðnings og sérkennslu í skóla fyrir alla.
- Framúrskarandi samskiptahæfni.
- Frumkvæði í starfi, sjálfstæð vinnubrögð og skipulagshæfni.
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 6. september 2020.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veita Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu grunnskóla og Ragnheiður E. Stefánsdóttir, manauðsstjóri, sími 411-1111. Netföng: soffia.vagnsdottir@reykjavik.is / ragnheidur.e.stefansdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

ráðum
ráðningarstofa

Parftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

ÞJÓNUSTULIÐI RÆSTING

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða þjónustuliða til ræstinga og umsjónar með umgengni í skólanum á dagvinnutíma. Möguleiki á hlutastörfum.

Laun eru skv. sérstökum samningi Eflingar og fjármálaráðuneytis. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans í síma 594 4000 hjá skrifstofustjóra eða ræstingastjóra. Umsóknir skulu sendar á mk@mk.is

Skólameistari



HÚNAÞING
VESTRA

Veitustjóri Húnaþings vestra

Laust er til umsóknar starf veitustjóra sveitarfélagsins Húnaþings vestra.

Leitað er eftir öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í starf veitustjóra Húnaþings vestra. Starfið tilheyrir umhverfissviði en heyrir beint undir sveitarstjóra. Veitustjóri ber ábyrgð gagnvart sveitarstjóra og sveitarstjórn í öllum störfum sínum og ákvörðunum.

Starfssvið:

- Ber ábyrgð á framkvæmdum og rekstri hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu en vinnur jafnframt að öðrum tilfallandi verkefnum í samráði við rekstrarstjóra
- Er yfirmaður annarra starfsmanna veitna
- Vinnur að undirbúningi fjárhagsáætlana fyrir veitur í samvinnu við framkvæmdaráð og aðra starfsmenn sveitarfélagsins eftir því sem við á
- Hefur eftirlit með ástandi veitukerfa og tryggir viðhald þess
- Ber ábyrgð og eftirlit með öryggismálum sem snerta veitur
- Verkefnastjórn sérverkefna, s.s. ljósleiðara
- Stefnumótun veitumála sveitarfélaginu í heild í samstarfi við sveitarstjórn og sveitarstjóra
- Samskipti og upplýsingagjöf til viðskiptavina og íbúa sveitarfélagsins

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Iðnmenntun og/eða tæknimenntun er æskileg
- Reynsla á sviði veitna og framkvæmda er nauðsynleg
- Reynsla af áætlanagerð, s.s. verk-, kostnaðaráætlunum
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Forystu- og skipulagshæfileikar
- Þekking og reynsla af stjórnun og rekstri
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Góð tölvukunnátta

Umsóknum um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til og með 20. ágúst.

Umsóknir skulu berast á netfangið rjona@hunathing.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, sveitarstjóri í síma 455-2400

Í samræmi við jafnréttisstefnu Húnaþings vestra hvetjum við karla jafnt sem konur til að sækja um stöfin.



Óskum eftir starfsmanni í hellulagnir og smíðavinnu.

Mikil vinna framundan.

Umsóknir berist á gardasmidi@gardasmidi.is



Lögfræðingur Embætti ríkislögmanns

Starf lögfræðings við embætti ríkislögmanns er laust til umsóknar. Viðkomandi mun aðallega sinna aðstoð við lögmenntembættisins samkvæmt lögum nr. 51/1985 um ríkislögmann. Skilyrði er að umsækjandi hafi fullnaðarpróf í lögfræði (embættispróf eða grunnenntun og meistara-próf). Réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómstólum eru kostur en ekki skilyrði. Um er að ræða fullt starf.

Launakjör eru miðuð við kjarasamning Félags háskólamennt aðra starfsmanna stjórnarráðsins.

Umsóknnum með upplýsingum um menntun og starfsferil skal senda á netfangið postur@rlm.is eigi síðar en **31. ágúst** næstkomandi. Miðað er við að ráðið verði í starfið frá og með 1. október 2020.

Skrifstofa embættisins og ríkislögmaður veitir allar nánari upplýsingar í síma 545 8490. Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.



VIÐ LEITUM AÐ VERSLUNARSTJÓRA Á AKUREYRI

ELKO leitast eftir framsæknum og drifandi leiðtoga í starf verslunarstjóra í nýja verslun ELKO á Akureyri. Verslunarstjóri stýrir hópi sölu- og þjónustufólks með mikla þekkingu á raftækjum og virkni þeirra. Því þarf metnaðarfullan leiðtoga til að leiða hópinn.

Starfslýsing:

- Ábyrgð á daglegum rekstri verslunar
- Birgðastýring og kostnaðareftirlit
- Dagleg stjórnun og starfsmannahald
- Samskipti og þjónusta við viðskiptavini
- Ábyrgð á útliti verslunar og framsetningu
- Ábyrgð á að sölu- og þjónustumarkmiðum
- Áætlanagerð og framkvæmd áætlana

Hæfniskröfur:

- Menntun í viðskiptafræði eða verslunarstjórnun er kostur
- Reynsla af stjórnunarstörfum og mannaforráðum nauðsynleg.
- Leiðtogahæfileikar, frumkvæði og árangursdrifni
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð ásamt skilningi á rekstri
- Tölvukunnátta til að leysa dagleg verkefni í Outlook, Excel og Navision kostur
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og þjónustulund

Umsóknarfrestur er til og með 23. ágúst
Aðeins er tekið við umsóknnum á elko.is/storf

Nánari upplýsingar um starfið veitir:
Gestur Hjaltason, framkvæmdastjóri gestur@elko.is



Við leitum að öflugum stjórnanda! FRAMKVÆMDASTJÓRI

Vistor leitast að framkvæmdastjóra í krefjandi og áhugavert starf. Viðkomandi þarf að búa yfir leiðtogahæfileikum, getu til að hrinda verkefnum í framkvæmd og drifkrafti til að leiða starfsfólk að sameiginlegum markmiðum. Viðkomandi þarf að vera í samskiptum við birgja og viðskiptavini jafnt hérlendis sem erlendis. Framkvæmdastjóri Vistor vinnur samkvæmt gildum fyrirtækisins og er öðrum til fyrirmyndar í hreinskiptni, framsækni og áreiðanleika.

Vistor er hluti af sex fyrirtækja samstæðu Veritas Capital ehf og starfar náið með öðrum fyrirtækjum samstæðunnar.

Eiginleikar

- Leiðtoga- og forystuhæfileikar
- Drifkraftur og úthald
- Metnaður til að ná árangri
- Skipulagshæfileikar
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Geta til að hafa yfirsýn og skipuleggja starfsemi í annasómu umhverfi

Ábyrgð og helstu verkefni

- Ábyrgð á daglegum rekstri og afkomu fyrirtækisins
- Áætlunargerð og uppgjör
- Samninga- og tilboðsgerð
- Samskipti við birgja og aðra hagsmunaaðila
- Stuðningur við markaðsstjóra og aðra lykilstarfsmenn
- Starfar samkvæmt stefnumótun og framtíðarsýn fyrirtækisins sem framkvæmdastjóri á þátt í að móta
- Ber ábyrgð á markmiðum og áætlunum gagnvart stjórn
- Framkvæmdastjóri Vistor er hluti af framkvæmdastjórn Veritas og kemur því með beinum hætti að stefnumótun og framtíðarsýn samstæðunnar

Menntun og hæfni

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi. Menntun á heilbrigðisviði og/eða framhaldsmenntun er kostur
- Haldbær reynsla af stjórnun og rekstri nauðsynleg, gjarnan tengt lyfja- eða heilbrigðismálum
- Reynsla af markaðsstarfi, heildsölustarfsemi og/eða samstarfi við erlenda birgja
- Þekking og reynsla af framkvæmd opinberra útboða og samskiptum við aðila innan heilbrigðisgeirans er kostur
- Reynsla og þekking á heilbrigðis- og/eða lyfjamálum
- Reynsla af alþjóðaviðskiptum og samningagerð
- Góð tungumálakunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Umsóknarfrestur er til og með 24. ágúst nk.

Sótt er um starfið í gegnum ráðningarvef Vistor, www.vistor.is.

Umsóknnum skal fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita
Hrund Rudolfsdóttir, forstjóri Veritas, hrund@veritas.is s. 535-7100 og
Pétur Veigar Pétursson, starfsmannastjóri, petur@veritas.is s. 535-7100.

Vistor er leiðandi fyrirtæki á sviði markaðssetningar á lyfjum og dýraheilbrigðisvörum á Íslandi og rekur sögu sína aftur til ársins 1956.

Hjá Vistor starfa 58 manns. Vistor er samstarfsaðili fjölmargra alþjóðlegra lyfjafyrirtækja og veitir þeim þjónustu við skráningar, sölu- og markaðsmál, auk þess að hafa milligöngu um innflutnings- og dreifingarstarfsemi. Með því að leggja áherslu á skilvirka starfsemi og starfsumhverfi sem laðar að hafa einstaklinga til starfa gerir Vistor samstarfsaðilum sínum kleift að ná settum markmiðum.



vistor

STÖRF Í BOÐI



EININGAVERKSMIÐJAN

Einingaverksmiðjan var stofnuð árið 1994. Frá upphafi hefur fyrirtækið framleitt forsteyptar einingar til húsbýgginga. Innan fyrirtækisins hefur skapast gríðarleg sérþekking og verkunnátta í árunna rás. Við höfum á að skipa öflugum tækjábúnaði og afar fullkominni verksmiðju. Frá árinu 2008 höfum við einnig rekið verksmiðju í Færeyjum eftir að hafa flutt forsteyptar einingar þangað í allmörg ár.

Við hjá Einingaverksmiðjunni óskum eftir umsóknum um framtíðarstörf hjá fyrirtækinu.

Við leitum að:

- ▶ **Smiðum** í mótasmíði
- ▶ **Lagerstarfsfólki**

Umsóknir óskast sendar á: sigrun@ev.is fyrir 28. ágúst.



SÝSLUMAÐURINN

Löglærðir fulltrúar

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu auglýsir eftir lögfræðingum til starfa á fagsvið embættisins.

Á **fjölskyldusviði** sinna lögfræðingar stjórnarsýslumeðferð erinda til sýslumanns m.a. á grundvelli barnalaga, hjúskaparlaga, ættleiðingarlaga og lög-ræðislaga.

Á **fullnustu- og skiptasviði** sinna lögfræðingar stjórnarsýslumeðferð erinda til sýslumanns m.a. á grundvelli laga um aðfarargerðir og nauðungarsölur, erfðalaga og skiptalaga.

Lögfræðingar í **þinglýsingum** annast afgreiðslu þinglýsingamála og starfa m.a. skv. þinglýsingarlögum og lögum um stimpilgjald.

Helstu verkefni:

- Greining og úrlausn mála, ákvarðanir um málsmeðferð og eftirfylgni
- Upplýsingagjöf, leiðbeiningar og samskipti við viðskiptavini (afgreiðsluvakt og símvakt)
- Samskipti við önnur stjórnvöld sem tengjast málum

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Embættis- eða meistaraþróf í lögfræði
- Starfsreynsla sem nýtist í starfi er æskileg
- Haldgód þekking á ákvæðum þeirra laga sem unnið er með á viðkomandi fagsviði embættisins og helstu álitafnum sem reynir á við túlkun þeirra
- Geta til að vinna sjálfstætt að greiningu og úrlausn lögfræðilegra álitafna
- Hæfni í mannlegum samskiptum og geta til að vinna undir álagi
- Skipulagshæfni og öguð vinnubrögð
- Góð almenn tölvuþekking
- Færni í mæltu og rituðu máli á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar um verkefni sýslumanna má finna á vef sýslumanna: www.syslumenn.is

Sótt er um störfin rafrænt á syslumenn.is/storf

Umsóknarfrestur er til og með **24.08.2020**

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu
Hlíðasmára 1, 201 Kópavogur
s. 458 2000
www.syslumenn.is



FORSETI HUGVÍSINDASVIÐS

Háskóli Íslands leitar að öflugum leiðtoga fyrir Hugvísindasvið sem er eitt af fimm fræðasviðum háskólans. Forseti Hugvísindasviðs starfar í umboði rektors. Hann er æðsti yfirmaður og akademískur leiðtogi fræðasviðsins og stjórnar daglegri starfsemi þess. Með forseta fræðasviðs starfar öflugt teymi stjórnenda og sérfræðinga.

Forseti fræðasviðs ber m.a. ábyrgð á:

- Útfærslu og framkvæmd stefnu Háskóla Íslands á vettvangi fræðasviðs
- Fjármálum og rekstri fræðasviðs og stofnana sem undir það heyrir
- Gæðum kennslu, rannsókna og þjónustu
- Starfsmannamálum
- Öflugri liðsheild og faglegu samstarfi
- Tengslum við innlenda og erlenda samstarfsaðila
- Stjórnarsýslu og stoðþjónustu fræðasviðsins

Umsækjendur skulu hafa:

- Akademískt hæfi sem og þekkingu og reynslu á háskóla- og/eða rannsóknahverfi,
- Leiðtogahæfileika,
- Metnaðarfulla og skýra framtíðarsýn,
- Ríka samskiptahæfni,
- Farsæla reynslu af stjórnun og stefnumótun.

Ráðið verður í starfið til fimm ára og er áætlað að ráða í starfið frá 1. janúar 2021. Á grundvelli laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og reglur sem háskólaráð hefur sett getur rektor ákveðið að framlengja ráðningu forseta fræðasviðs til fimm ára í senn. Forseti fræðasviðs er ráðinn af rektor að fenginni umsögn sérstakrar nefndar um ráðninguna.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til 15. september 2020.

Sækja skal um starfið á starfatorg.is. Með umsókn þarf að fylgja greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda og hvernig hann hyggst vinna samkvæmt stefnu Háskóla Íslands 2016-2021.

Öllum umsækjendum verður svarað og þeim tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin.

Við ráðningu í störf við Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun skólans.

Vakin er athygli á málstefnu Háskóla Íslands.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Ragnhildur Ísaksdóttir, sviðsstjóri mannauðssviðs Háskóla Íslands, netfang ragnhildurisaks@hi.is, sími 525 4355.

Háskóli Íslands er alþjóðlegur rannsóknaháskóli og stærsta kennslu-, rannsókn- og vísindastofnun landsins. Um 1.500 starfsmenn eru í fóstum störfum við skólann og um 2.200 eru lausráðnir. Nemendur við skólann eru um 13.000. Háskóli Íslands starfar á fimm fræðasviðum, býður fjölbreytt nám á öllum stigum og er eini háskóli landsins sem býður grunnnám og framhaldsnám í öllum helstu fræðigreinum.

Á Hugvísindasviði starfa á annað hundrað manns að kennslu og rannsóknum.

Vísindafólk sviðsins stundar grunnrannsóknir, hagnýtar rannsóknir og þjónustu-rannsóknir og lögð er áhersla á fjölbreytta miðlun þekkingar, öflugar samræður við íslenskt samfélag og alþjóðlega fræðasamfélagið.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

job

Finnum draumastarfið saman



Erum við
að leita að þér?



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólastjóri Seljaborg

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu leikskólastjóra Seljaborgar lausa til umsóknar.

Seljaborg er þriggja deilda leikskóli með 48 börnum. Leikskólinn stendur við Tungusel í Breiðholti í Reykjavík. Í leikskólanum er lögð áhersla á læsi í víðum skilningi og er leikskólinn þátttakandi í LÆM læsisverkefni Breiðholts. Við innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkurborgar var lögð aukin áhersla á félagsfærni. Vettvangsferðir skipa stóran sess í starfinu hvort sem er í nær eða fjær umhverfi. Mikið samstarf er við grunnskóla hverfisins.

Einkunnarorð Seljaborgar og leiðarljós í starfi eru: virðing, jákvæðni, traust og gleði.

Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogaþæfileikum og er tilbúinn til að leiða áfram gott og metnaðarfullt leikskólastarf í Seljaborg.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Vera faglegur leiðtogi leikskólans og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Bera ábyrgð á daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hafa yfirumsjón með innra mati á starfi leikskólans og umbótaáætlunum.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila.

Hæfniskröfur

- Leyfisbréf til kennslu á leikskólastigi.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarþæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Í öllu starfi skóla- og frístundasviðs er unnið að innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur, Látum draumana rætast, þar sem leiðarljósinn eru virkni og þátttaka barna, aukid samstarf og fagmennska.


Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til kennslu á leikskólastigi og greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á starf í leikskólanum.

Ráðið verður í stöðuna frá 1. október 2020. Umsóknarfrestur er til og með 24. ágúst nk.


Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Elísabet Helga Pálmadóttir í síma 411-1392 og tölvupósti elisabet.h.palmadottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir



Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

 **HAGVANGUR**
hagvangur.is

Sviðsstjóri sölu- og markaðssviðs

Þekking leitar að metnaðarfullum stjórnanda með haldbæra reynslu í sölu- og markaðsmálum og er árangursdrifinn og framkvæmdaglaður. Sviðsstjóri mun móta stefnu sviðsins og með markvissum hætti koma henni í gagnid með hópi góðs fólks og vinna eftir lykilmælikvörðum. Viðkomandi þarf að hafa góða yfirsýn, eiga auðvelt með að miðla upplýsingum og sinna eftirfylgni af alúð og metnaði – og stuðla þannig að góðu samstarfi innan heildarinnar.

Um er að ræða frábært tækifæri fyrir reyndan og metnaðarfullan einstakling.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er mikill kostur.
- Viðamikil reynsla af sölumálum sem og markaðsmálum.
- Reynsla innan upplýsingatæknigeirans er kostur.
- Greiningarhæfni sem nýtist sérstaklega við hönnun, keyrslu og úrvinnslu á sölu- og markaðsherferðum.
- Framúrskarandi samskiptahæfni.
- Frumkvæði og öguð vinnubrögð.

Helstu verkefni

- Mótun stefnu, markmiða og aðgerða þegar kemur að viðskiptastýringu, sölu- og markaðsmálum.
- Gerð söluáætlana og árangursmælingar.
- Greining sölutækifæra.
- Skipulagning og eftirfylgni söluherferða.
- Öflun nýrra viðskiptasambanda og viðhalda núverandi viðskiptasamböndum.
- Dagleg stjórnun og rekstur sviðsins.

Við hlökkum til að bjóða nýjan sviðsstjóra sölu- og markaðssviðs velkominn til þekkingar.

Upplýsingar: Stefán Jóhannesson, framkvæmdastjóri, sími 460 3152 og Ásta Bærings, mannauðsstjóri, sími 460 3166

Umsóknir berist til: atvinna@thekking.is og er umsóknarfrestur til og með 25. ágúst 2020

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um

Farið verður með allar fyrirsurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað



PEKKING



Öflugur bókarí til Þjóðkirkjunnar – Biskupsstofu

Þjóðkirkjan – Biskupsstofa leitar eftir öflugum bókará til starfa í fjölbreytt og krefjandi starf á fjármálasvið skrifstofu sinnar í Reykjavík.

Um er að ræða fullt starf og er miðað við að viðkomandi hefji störf sem fyrst en í síðasta lagi þremur mánuðum eftir að gengið hefur verið frá ráðningu.

Starfssvið:

Viðkomandi kemur til með að starfa í teymi starfsmanna á fjármálasviði skrifstofunnar og munu verkefni viðkomandi verða fjölbreytt og margþætt og reynir mikið á skipulagshæfni og samskiptahæfileika.

Helstu verkefni

- Yfirumsjón með fjárhagsbókhaldi, viðskiptamannabókhaldi og lánardrottnabókhaldi
- Færsla bókhalds, afstemmingar og leiðréttingar
- Árs- og árschlutauppgjör
- Samskipti við stofnanir
- Upplýsingagjöf og skýrslugerð
- Önnur tengd verkefni

Þekking og hæfni

- Mjög góð reynsla af bókhaldi, afstemmingum og uppgjörsvinnu almennt.
- Mjög góð reynsla af Navision bókhaldskerfi
- Reynsla og þekking á bókhaldstengingum undir- og yfirkerfa
- Góð Excel kunnátta
- Mikil nákvæmni
- Frumkvæði, skipulag og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Sveiganleiki til að taka að sér ýmis tilfallandi verkefni

Umsóknarfrestur um starfið er til miðnættis mánudaginn 24. ágúst 2020.

Sækja ber rafrænt um starfið á vef Þjóðkirkjunnar, www.kirkjan.is. Þar er einnig að finna nánari upplýsingar.

Vísað er til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 og eru bæði kynin hvött til að sækja um starfið.



Skútustaðahreppur

Framsækinn skipulagsfulltrúi óskast

Skútustaðahreppur auglýsir 100% starf skipulagsfulltrúa laust til umsóknar. Skútustaðahreppur er í góðu samstarfi við Þingeyjarsveit í skipulags-, byggingar- og nýsköpunarmálum og hafa sveitarfélögin sett sér að markmiði að vera í fararbroddi í loftslagsmálum. Um er að ræða fjölbreytt og áhugavert starf í lífandi umhverfi, þar sem hugmyndaauðgi og drifkraftur fá að njóta sín.

Menntun og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í samræmi við ákvæði skipulagslaga.
- Reynsla af verkefnastjórnun, þátttaka í nýsköpunarverkefnum og þekking á opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð samskiptahæfni.

Starfssvið:

- Yfirumsjón með starfi að skipulagsmálum og öðru því sem undir starfið heyrir samkvæmt starfslýsingu.
- Framkvæmd verkefna í samræmi við samþykktir sveitarstjórnar hverju sinni.
- Umsjón með gerð fjárhagsáætlana, starfsáætlana og framkvæmdaáætlana sem undir starfið heyrir.
- Undirbúningur fyrir og umsjón með fundum skipulagsnefnda.
- Eftirlit með framkvæmd samninga, laga og reglugerða sem gilda hverju sinni og heyrir undir sviðið.
- Samskipti við opinberar stofnanir, íbúa sveitarfélagsins og aðra þá sem tengjast verkefnum sviðsins.
- Önnur verkefni sem undir starfið heyrir hverju sinni.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til 23. ágúst 2020.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sveinn Margeirsson sveitarstjóri í síma 680 6666.

Umsóknir ásamt ítarlegri starfsferilsskrá og kynningarbréfi skulu sendar til skutustadahreppur@skutustadahreppur.is

Í Mývatnssveit búa um 500 manns. Við erum fjölskyldvænt, heilsueflandi samfélag þar sem er öflugt leikskóla- og grunnskóla-starf, boðið er upp á ókeypis skólamáltíðir fyrir börn og ókeypis frístund. Í Þingeyjarsveit búa um 900 manns og er samhlöð stæð beggja sveitarfélaga um 12 þúsund ferkílómetrar.



Sérfræðingur í bókhaldi



Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laust til umsóknar ótímabundið starf sérfræðings í bókhaldi á sviði fjármála og rekstrar.

Um er að ræða ótímabundið 100% starf.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. október n.k. eða eftir nánari samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Færsla bókhalds og skráning í bókhaldskerfi ríkisins.
- Afstemmingar, frágangur og skil á VSK.
- Greiningarvinna og úrvinnsla gagna.
- Önnur tilfallandi verkefni samkvæmt beiðni deildarstjóra.

Hæfniskröfur

- Viðskiptafræðingur eða sambærileg menntun.
- Reynsla og góð þekking á bókhaldi er skilyrði.
- Góð almenn tölvufærni og góð þekking á Excel.
- Þekking og reynsla af Orra bókhaldskerfi er kostur.
- Góð samskiptahæfni og þjónustulund.
- Skipulagshæfni, nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Umsóknarfrestur er til og með 01.09.2020

Nánari upplýsingar veitir Guðfinna Helgadóttir
gudfinna.helgaddottir@heilsugaeslan.is
 585-1300

Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing



FAST
Ráðningar

lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

www.fastradningar.is

Sjá nánar á www.heilsugaeslan.is undir laus störf og www.starfatorg.is

Er verið að leita að þér?

Viðskiptavinir Ráðum fela ráðgjöfum okkar oft að finna starfsmenn án þess að auglýsa stöðuna og með stuttum fyrirvara.

Skráðu þig í gagnagrunninn okkar til að tryggja að við finnum þig þegar rétta starfið býðst.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

Sérfræðingur

Jafnréttisstofa auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings.

Starfshlutfall er 80%. Í boði er krefjandi starf í frjóu umhverfi sérfræðinga á sviði jafnréttis- og mannréttindamála þar sem reynir á öguð vinnubrögð, ábyrgð og sjálfstæði.

Jafnréttisstofa annast stjórnslu á sviði jafnréttismála í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna nr. 85/2018 og lög um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu nr. 86/2018.

20 20

Jafnréttisstofa
í 20 ár

HELSTU VERKEFNI SÉRFRÆÐINGS ERU:

- Umsjón með fræðslu og upplýsingastarfsemi um jafnréttismál á gildissviði laga nr. 10/2008, 85/2018 og 86/2018.
- Verkefnastýring og þátttaka í innlendum og erlendum samstarfsverkefnum.
- Þátttaka í öðrum verkefnum sem falla undir starfsemi stofnunarinnar.

HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Þekking á sviði kynja- og jafnréttismála sbr. gildissvið ofangreindra laga.
- Þekking/reynsla af verkefnastjórnun.
- Mjög góð færni í íslensku í ræðu sem riti.
- Góð kunnátta í ensku.
- Metnaður og vilji til að ná árangri.
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og greiningar- og skipulagshæfni.
- Hæfni til að miðla upplýsingum með skipulögðum og skýrum hætti.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningnum ríkisins við BHM. Umsóknarfrestur er til 31. ágúst og skulu umsóknir berast Jafnréttisstofu, Borgum v. Norðurlóð, 600 Akureyri eða í tölvupósti í pósthönduð jafnretti@jafnretti.is. Nánari upplýsingar veitir Katrín Björg Ríkarðsdóttir framkvæmdastjóri í síma 460 6200, katrin@jafnretti.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Jafnréttisstofa • Borgum v/ Norðurlóð • 600 Akureyri • 460 6200
jafnretti@jafnretti.is • www.jafnretti.is



Verkís leitar að öflugum liðsmönnum

Vegna aukinna verkefna viljum við bæta við okkur öflugum starfsfólki. Við höfum áhuga á jákvæðum einstaklingum sem hafa metnað, sýna frumkvæði og sjálfstæði í starfi og eiga auðvelt með að vinna með öðrum. Mikilvægt er að umsækjendur hafi gott vald á íslensku og ensku og þekking á Norðurlandamáli er kostur.

Burðarvirkjahönnuður á byggingasviði

Starfið felur í sér burðarvirkjahönnun í verkefnum tengdum byggingum og mannvirkjum s.s. skólabyggingum, íþróttahúsum, opinberum byggingum, flugstöðvarbyggingum, verslunarhúsum, iðnaðarhúsum og fjölbýlishúsum.

- Háskólapróf í byggingarverkfræði eða byggingartæknifræði með sérþekkingu í hönnun burðarvirkja
- Reynsla í hönnun burðarvirkja æskileg
- Þekking á BIM aðferðafærðinni og notkun líkana við hönnun er æskileg
- Reynsla í notkun hönnunar- og teikniforrita er æskileg t.d. Revit og Tekla

Samgönguverkfræðingur á samgöngu- og umhverfissviði

Starfið felur í sér verkefni tengdum samgöngum, s.s. umferðarlíkönnum og -hermunum, umferðaröryggi og almenningsamgöngum.

- Háskólapróf í samgönguverkfræði með áherslu á umferðartækni
- Reynsla á sviði samgönguverkfræði og umferðartækni

Jarðtækniverkfræðingur á samgöngu- og umhverfissviði

Starfið felur í sér verkefni tengdum samgöngumannvirkjum, s.s. vegum, jarðgöngum, höfnum og flugvöllum en einnig öðrum mannvirkjum s.s. byggingum, virkjunum og ýmsum varnarmannvirkjum.

- Háskólapróf í jarðtækniverkfræði
- Reynsla á sviði jarðtækniverkfræði

Verkís er öflugt og framsækið ráðgjafar fyrirtæki sem býður fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum verkfræði. Hjá Verkís starfa yfir 300 manns að fjölbreyttum verkefnum á Íslandi og erlendis. Verkís vinnur með breiðum hópi viðskiptavina s.s. opinberum fyrirtækjum, stofnunum, sveitarfélögum og einkaaðilum.

Nánari upplýsingar veita

Elín Greta Stefánsdóttir mannauðsstjóri, egs@verkis.is
Áslaug Ósk Alfreðsdóttir sérfræðingur í mannauðsmálum, aoa@verkis.is

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.
Umsóknarfrestur er til og með **24. ágúst** nk. Sótt er um á umsokn.verkis.is



JAFNRETTISSTOFA
2018 - 2021



Framfarisskandi
2019



Ofanleiti 2 | verkis@verkis.is | 422 8000



Menningar-, íþrótt- og tómstundafulltrúi

